

MARTEINN KNARAN ÓMARSSON

Kviðristarinn í Kaupmannahöfn

Um raðmorð, íslenskt samfélag og skáldsöguna
Kóperniku (2021) eftir Sölva Björn Sigurðsson

Inngangsorð

Erfitt er að meta það nákvæmlega hversu marga einstaklinga raðmorðingjar (e. *serial murderer/killer*) myrða árlega. Þó er talið að hlutfallið sé vart mikið meira en eitt prósent miðað við morðtíðni í Bandaríkjunum sem stundum eru kölluð „raðmorðingja-Mekka“ heimsins.¹ Kemur það til vegna fjölda þekktra tilfella í landinu og eins raðmorðingjablætisins sem fyrirfinnst í bandarískri dægurmenningu og gert hefur marga gerendur fræga eins og menningarfræðingurinn David Schmid fjallar meðal annars um í skrifum sínum.² Árið 2022 voru um 26 þúsund einstaklingar myrtir í Bandaríkjunum og sé prósentan höfð í huga báru raðmorðingjar ábyrgð á 260 morðum það árið. Sumir rannsakendur telja þó að hlutfallið sé minna, einungis örfá prómill, og að raunar séu meiri líkur á að vinna stóra vinninginn í lottói en lenda í klónum á raðmorðingja líkt og lög-
reglufulltrúinn Gary Rodgers komst að orði í pistli um efnið árið 2015.³ Fólk ætti

¹ Eins og gefur að skilja er ákaflega erfitt að meta það hversu stóru hlutfalli af morðtíðninni raðmorðingjar bera ábyrgð á og eru tölurnar mjög á reiki. Sjá til dæmis tölfræði í bókum James Alan Fox og Jack Levin, *The Will to Kill. Making Sense of Senseless Murder*, Boston: Allyn and Bacon, 2001, bls. 102; Eric W. Hickey, *Serial Murderers and Their Victims*, Belmont: Thompson Wadsworth, 2006, 4. útgáfa bls. 6–8; og Elliott Leyton, *Hunting Humans. The Rise of the Modern Multiple Murderer*, New York: Carroll and Graf, 2001, bls. 58–59.

² David Schmid fjallar ítarlega um frægd raðmorðingja í bandarísku samfélagi og menningu í bók sinni *Natural Born Celebrities. Serial Killers in American Culture*, Chicago og London: The University of Chicago Press, 2005.

³ Gary Rodgers, „How to Avoid Being Murdered by a Serial Killer“, *HuffPost*, 3. desember 2015, sótt 16. apríl 2023 af <https://www.huffpost.com/entry/how-to-avoid-being-mur->



Ritid

1. tbl. 23. árg. 2023 (67-98)
Ritrynd grein

© 2022 Ritid, tímarit Hugvísindastofnunar og höfundur greinarinnar

Útgefandi:
Hugvísindastofnun Háskóla Íslands,
Sæmundargötu 2, 102 Reykjavík

Birtist á vefnum <http://www.ritid.hi.is>.
Tengiliður: ritid@hi.is

DOI: 10.33112/ritid.23.1.3
Birt samkvæmt skilmálum
Creative Commons BY (4.0).

Því ekki að þurfa að óttast það sérstaklega að vera myrt og í ljósi þess hve sjaldgæfir hrottarnir eru í Bandaríkjunum, í „raðmorðingja-Mekku“ heimsins, kemur skorturinn á þeim hér á landi sömuleiðis lítið á óvart. Samfélagið á Íslandi er afar fámennt miðað við Bandaríkin og eins er morðtíðnin lægri.⁴ Ósennilegir atburðir geta þó vitaskuld gerst hérlendis eins og annars staðar og raunar hefur raðmorðingi dúkkað upp á Íslandi líkt og sögnin um Axlar-Björn vitnar um, en samkvæmt annálum myrti Björn Pétursson frá Öxl á Snæfellsnesi níu ferðamenn á ofanverðri 16. öld.⁵ Þá er líka aldrei að vita nema annar eins hafi einhvern tímann verið á ferli í Íslandssögunni eða sé jafnvel á sveimi í dag því ólíkt fjöldað (*e. mass murderer*) og offorsmorðingjum (*e. spree killer*), sem fremja jafnan glæpi sína fyrir allra augum, starfa raðmorðingjar í laumi og haga iðulega drápum sínum þannig að þeir náist ekki. Það verður þó að teljast harla ólíklegt að slíkur illvirki leynist í samfélaginu nú til dags. Hingað til hafa íslenskir raðmorðingjar einkum fundist í skáldverkum, bókmenntum og kvikmyndum, og vonandi mun svo verða sem allra lengst.

Á þessum síðum verður fjallað um raðmorðingja og ódæði þeirra, meðal annars með hliðsjón af nýlegu íslensku skáldverki sem segir frá nokkrum slíkum. Um er að ræða glæpasöguna *Köperníku* eftir rithöfundinn Sólva Björn Sigurðsson sem kom út árið 2021 í Covid faraldrinum miðjum. Einum þræði mætti túlka söguna sem listrænt viðbragð höfundarins við tímabilinu þar sem raðmorðinginn, sem er að sumu leyti hliðstætt fyrirbrigði veirunnar, er notaður til þess að lýsa ástandinu. Sagan er þó ekki samtímaleg því frásögnin gerist í hinni öldnu höfuðborg Íslendinga, Kaupmannahöfn, á ofanverðri 19. öld. Þá á sér einnig stað úrvinnsla á einu þekktasta raðmorðmáli sögunnar, kviðristumorðunum í Lundúnum árið 1888 þar sem hinn dularfulli Jack the Ripper eða Kobbi kviðrista var að verki. Lesandinn fylgir Finni Kóperníkusi eftir sem er ungur íslenskur læknir í Kaupmannahöfn. Þegar Halldór, uppeldisbróðir hans og kollegi í læknastétt, er myrtur á hrottafenginn hátt, ristur upp og líffæri úr honum tekin, einsetur Finnur sér að komast til botns í málinu. Hann vafrar um skítug og myrk strætín í Kaup-

der_b_8707446.

⁴ Samkvæmt Margréti Valdimarsdóttur afbrotafræðingi er morðtíðni lág á Íslandi í alþjóðlegum samanburði en samkvæmt henni er meðalfjöldi morða síðustu þrjátíu árin hérlendis tvö atvik á ári. Sjá Arnar Björnsson, „Tvö manndráp að meðaltali á ári síðastliðin 30 ár“, *Fréttavefur RÚV*, 11. október 2022, sótt 14. apríl 2023 af <https://www.ruv.is/frettir/innlent/2022-10-11-tvo-manndrap-ad-medaltali-a-ari-sidastlidin-30-ar>.

⁵ Þjóðsögurnar um „Axlar-Björn“ herma að fórnarlömbin hafi verið fleiri, allt að átján, og einnig sagt að blóðþorsti morðingjans hafi gengið í erfðir. Úr þessum þræði þjóðsögunnar gerir rithöfundurinn Úlfar Þormóðsson sér mat í skáldsögunni *Þrjár svartar sólar* sem kom út árið 1988 og fjallar um Björn Pétursson frá Öxl og afkomendur hans.

mannahöfn í leit að morðingja sem virðist í fyrstu einkum fýsa í Íslendingablóð. Í greininni verður einnig skoðað hvernig íslenskt samfélag lítur út sem vettvangur raðmorða. Áður en haldið er í þá vegferð og skáldverk Sólva Björns rætt ber þó að varpa ljósi á fyribærrið raðmorð og aðilana sem fremja þau.

Bara „ósköp hversdagslegir meðaljónar“

Flest ættu að hafa einhverjar hugmyndir um það hvað raðmorðingi er þar sem þessi tiltekna tegund misindismanna er býsna áberandi í vestrænni dægurmenningu, einkum sjónvarpsþáttum og afþreyingarbókmenntum á borð við glæpasögur og hrollvekjur. Sumir raðmorðingjar hafa einnig öðlast mikla frægð og orðið eins konar stjórnur. Í því skyni hafa gjörðir þeirra orðið að innblæstri skáldsagna og kvikmynda, svo ekki sé talað um alla heimildarþættina og -bækurnar sem skrifaðar hafa verið um þá. Það ber þó að varast ímyndirnar sem dregnar eru upp í sögum um raðmorðingja því þótt raunverulegir hrottar séu iðulega notaðir sem fyrirmyndir, bæði í sögulegum frásögnum og skálduðum, á sér jafnan stað einhver bókmenntaleg úrvinnsla eða goðsagnagerð. Líkt og bókmenntafræðingurinn Philip L. Simpson nefnir í riti sínu um bandarískar raðmorðingjafrásagnir þá standast höfundar yfirlétt ekki þá freistingu að gera morðingja tilkomumikla. Geðlæknirinn og mannætan dr. Hannibal Lecter úr skáldsögum Thomas Harris vottar ágætlega um það hvernig raðmorðingjar í bókmenntum og kvikmyndum eru alla jafnan gerðir framandi og spennandi. Þeir eru iðulega mun glæsilegri, greindari eða sjúklegri en raunveruleg starfssystemi þeirra. Eins eru hvatir skáldaðra morðingja oft háleitar, hafa djúpa menningarlega skírskotun eða morðunum er fundin réttlætning sem getur vakið siðferðislegar spurningar. Gjörðir þeirra eru að sama skapi hnitmiðaðar eða drápin snilldarlega útfærð. Algengar birtingarmyndir raðmorðingja í sögum eru til dæmis; þjáði listamaðurinn, bragðarefurinn/snillingurinn, karlmannlega hetjan/riddarinn, djöfullegi böðullinn og trúarlegi ofstækismaðurinn.⁶ Í nýlegu yfirlitsriti, *Killer Data. Modern Perspectives on*

⁶ Philip L. Simpson, *Psycho Paths. Tracking the Serial Killer Through Contemporary American Film and Fiction*, Carbondale og Edwardsville: Southern Illinois University Press, 2000, bls. 20–25. Sem dæmi um þjakaða listamanninn mætti nefna ilmvatnsgerðarmorðingjann Jean-Baptiste Grenouille úr skáldsögunni *Ilmurinn* (1985) eftir Patrick Süskind. Dr. Hannibal Lecter er eitt besta dæmið um snillinginn. Þá er John Doe úr kvikmyndinni *Seven* (1995) sömuleiðis býsna klókur og útfærir morð sín snilldarlega eða í samræmi við dauðasýndirnar sjö sem gerir hann einnig að trúarlegum morðingja. Joe Goldberg úr *You*-skáldsögum Caroline Kepnes er ágætt dæmi um karlmannlegu hetjuna. Nánast alla slægjumorðingja (e. *slasher movie killer*) mætti svo túlka sem djöfullega refsivendi, svo sem Michael Myers úr *Halloween* kvikmyndunum eða Jason Voorhees í *Friday the 13th* bálknum.

Serial Murder (2022), eftir afbrotafræðinginn Enzo Yaksic, er einnig komið inn á það hvernig raðmorðingjar hafa verið framsettir í sögum og fjallað um ýmsar rötgrónar mýtur varðandi þá. Yaksic segir að raðmorðingjar í raunveruleikanum eigi fátt skylt með þeim sem birtast í slúðurbloðum og skáldskap, þeir séu upp til hópa „aumingjar“ (e. *losers*), „ósköp hversdagslegir meðaljónar“ sem myrða af tilætlanarsemi, frekju eða brengluðum hugmyndum um karlmennsku. Þá eru fórnarlömb þeirra iðulega veikburða eða eiga undir högg að sækja félagslega og komast gerendurnir jafnan upp með glæpi sína af heppni fremur en klækjum.⁷

Þótt það sé varhugavert að gera mikið úr raðmorðingjum, búa til eins konar goðsagnar um þá og veita þeim þannig þá viðurkenningu sem sumir þeirra eru á höttunum eftir þá er í sjálfu sér ekkert undarlegt að þeir skuli verða eins vinsælt viðfangsefni í sögum og raun ber vitni. Háttarni raðmorðingja er einkar frásagnarlegt, dramatískt og dularfullt auk þess sem afar hentugt er að nota þá sem mælskubragð eða áminningu um brestí samfélagsins eða hnignun menningarinnar líkt og fjölmargir og ólíkir hópar hafa gert.⁸ Raðmorðingjar eru hin „hinsta ógn“, einstaklingar sem myrða af blóðþorsta, starfa í laumi og geta verið hver sem er; nágranninn í næsta húsi, faðir manns, móðir, bróðir eða systir.⁹ Meintur höfundur hugtaksins „raðmorðingi“, bandaríski alríkislögreglufulltrúinn Robert Ressler, datt þar að auki niður á hugtakið árið 1974 þegar honum var hugsað til framhaldsmynda frá fjórða og fimmta áratugnum sem hétu *Serial Adventures*. Áður fyrr höfðu mörg mismunandi hugtök verið notuð til þess að lýsa þessari afbrotahæðun, til dæmis spennings-morð (e. *thrill-murder*), losta-morð (e. *lust-murder*), brjálæðinga-morð (e. *psycho-murder*), mynsturs-morð (e. *pattern-murder*), ókunningja-dráp¹⁰ (e. *stranger-killings*), fjöldamorð (e. *mass-murder/multicide*) og í

⁷ Enzo Yaksic, *Killer Data. Modern Perspectives on Serial Murder*, New York: Routledge, 2022, bls. 1–3.

⁸ Ýmsir hópar, allt frá íhaldssömum stjórnámálamönnum til vinstrimanna, einnig femínistar, síðapostular og baráttufólk ólíkra minnihlutahópa, hafa nýtt frásagnir af raðmorðingjum sem mælskubragð. Bandaríski raðmorðinginn Jeffrey Dahmer hefur til dæmis verið notaður sem áminning um bága stöðu svartra í Bandaríkjunum og eins um hættur samkynhneigðar, en Dahmer var hvítur, samkynhneigður og myrti einkum hörundsökka karlmenn. Sjá Philip Jenkins, *Using Murder. The Social Construction of Serial Homicide*, New York: Routledge, 1994.

⁹ Hvað þetta varðar mætti nefna kvikmyndirnar *Serial Mom* (1994) eftir leikstjórnann John Waters þar sem móðirin í sögunni er raðmorðingi og *The Lovehitch Killer* (2018) eftir leikstjórnann Duncan Skiles þar sem faðirinn er morðinginn og óbeint er fjallað um bandaríska raðmorðingjann Dennis Rader (BTK) sem myrti tíu manns á árunum 1974 til 1991 í Kansas fylki. Í þessu samhengi má einnig benda á skáldsöguna *My Sister, the Serial Killer* (2018) eftir Oyinkan Braithwaite þar sem systirin í sögunni er raðmorðingi eins og titillinn gefur til kynna.

¹⁰ Það er tilvalið að nota nýyrðið „ókunningi“ sem Eliza Reid forsetafrú gaf þjóðinni á

lok 19. aldar og upphafi þeirrar tuttugustu var algengt að ræða einfaldlega um kviðristu-morð (e. *ripper-murder*) sem vísun í voðaverk hins goðsagnakennda Jack the Ripper eða Kobba kviðristu.¹¹

Öll þau hugtök sem hér hafa verið nefnd hafa ýmist of víða eða þröngu skírskotun. Þau geta átt við um einstaka raðmorðingja en ekki alla og leiddi sú staðreynd Ressler í að finna nýtt hugtak. Hann var staddur á ráðstefnu á Englandi þar sem rætt var um glæpi sem gerðust í röðum svo sem íkveikjur og nauðganir. Þetta minnti Ressler á áðurnefndar framhaldsmyndir, *Serial Adventures*, sem lokkuðu ungt fólk í kvikmyndahús viku eftir viku sökum skorts á fullnægjandi endi (e. *cliff hanger*) sem þó var gífullega spennandi. Ressler dró þá ályktun að morðingjarnir sem hann var að rannsaka lifðu fyrir sams konar spennu og bíggestirnir, að hvert morð væri ekki ósvipað þætti í framhaldsmynd. Morðinginn væri þannig drifinn áfram af fantasíu um morð sem hann reyndi að fullkomna án árangurs. Ófullnægjan skapaði þörf fyrir ný og ný morð eða þar til fantasía viðkomandi næði einhvers konar lausn eða fullkomnun. Það myndi þó líklegast aldrei verða að veruleika og því héldi morðinginn áfram að drepa, fremja morð í röð eða seríu, sem væri raunar endalaus, myndi ekki stöðvast fyrr enn við andlát viðkomandi eða handtöku.¹²

Útskýring Ressler er í marga staði áhugaverð og gefur vissa mynd af sálfræði raðmorðingja. Af henni að dæma er nokkuð ljóst að sá sem myrðir ítrekað af hvötum sem tengjast persónulegri fantasíu og þráhyggju er frábrugðinn þeim sem fremja einstök morð af stundarbrjálæði, afbrýðissemi, áhrifum fikniefna eða af gáleysi svo eitthvað sé nefnt.¹³ Í afbrotufræðum er jafnan miðað við einstakling sem myrðir í það minnsta þrisvar sinnum með hléum á milli sem kölluð eru tilfinningalegur kælitími (e. *emotional colling of period*) og gefa til kynna að einhvers konar umhugsun eigi sér stað hjá geranda eftir hvert morð. Þetta er skilgreining sem alríkislögreglan í Bandaríkjunum þróaði á áttunda áratug síðustu aldar og studdist lengi við. Árið 2005 uppfærði hún síðan skilgreiningu sína, lækkaði lág-

sínum tíma til þess að lýsa enska orðinu „stranger“ yfir þann sem er ókunnugur. Arnhildur Hálfánardóttir, „Orðið ókunnungi „gjöf til þjóðarinnar““, *Fréttavefur RÚV*, 16. nóvember 2018, sótt 14. apríl 2023 af <https://www.ruv.is/frettir/innlent/ordid-okunnungi-gjof-til-thjodarinnar>.

¹¹ David Schmid, *Natural Born Celebrities. Serial Killers in American Culture*, bls. 68–70.

¹² Robert Ressler og Tom Shachtman, *Whoever Fights Monsters*, New York: St. Martin's Paperbacks, 1992, bls. 32–33.

¹³ Þó eru til dæmi um einstaklinga sem falla undir skilgreininguna og myrða fórnarlömb sín undir kringumstæðum sem þessum og þar sem ástæður hvers morðs eru jafnvel mismunandi. Sjá Katherine Ramsland, *Inside the Minds of Serial Killers*, Westport, Connecticut og London: Praeger Publishers, 2006, bls. xi–xii.

mark fórnarlamba í tvö og bætti við þeim möguleika að gerendur gætu verið fleiri en einn í hverju tilviki.¹⁴ Bandaríski menningar- og félagsfræðingurinn Julie B. Wiest hefur hins vegar bent á að viðmið Alríkislögreglunnar séu í raun þrengri þar sem í leiðarvísi stofnunarinnar sé einnig tekið fram að raðmorðingjar myrði helst ókunnuga.¹⁵ Það er ágætt viðmið í sjálfu sér en síður en svo algild regla. Rannsóknir á kvenkyns raðmorðingjum hafa til dæmis leitt í ljós að konur myrða oft þau sem þær þekkja svo sem hjúkrunarfræðingar sem myrða sjúklinga sína. Eins drepa þær gjarnan í hagsmunaskyni líkt og hinar svokölluðu „svörtu ekkjur“ sem myrða maka sína eða ættingja hvað eftir annað til að komast yfir fjármuni eða eignir. Um tíma átti fólk reyndar bággt með að trúa því að konur gætu framið glæpi af þessu tagi meðal annars sökum hugmynda um kvenleika og móðurlega ást. Nú til dags er hins vegar talið að hlutfall kvenna meðal raðmorðingja í heiminum sé um 15%. Það má því vissulega segja að konur hafi sannað sig á þessum vettvangi eins og bókin *Just as Deadly* (2023) vitnar um en í henni fjallar bandaríski sálfræðingurinn Marrison um kvenkyns raðmorðingja.¹⁶

Uppfærð viðmið alríkislögreglunnar skapa víðan ramma og votta um breytta sýn og afstöðu gagnvart raðmorðum á tuttugustu og fyrstu öld. Enda er ljóst að raðmorðingjar eru breiður og fjölbreyttur hópur karla, kvenna og annarra sem erfitt er að móta nákvæm kerfi eða flokka yfir. Lengi gáfu menn sér þó vissar forsendur og í fyrrnefndu riti, *Killer Data* eftir Enzo Yaksic, eru fjölmörg atriði listuð upp sem talin voru algild á tímabili og veltast að auki sífellt um í bókmenntum og kvikmyndum með þeim afleiðingum að hugmyndir fólks um afbrotin og gerendurna eiga til með að verða takmarkaðar. Getur slíkt beinlínis verið hættulegt ef upp kemur atvik þar sem gerandi passar ekki vel inn í staðalmyndina. Í þessu samhengi er vert að nefna nokkur atriði sem hafa verið talin einkennandi fyrir raðmorðingja. Fyrir það fyrsta má minnast hinnar rótgrónu hugmyndar að allir raðmorðingjar séu hvítir karlmenn milli tvítugs og fertugs. Svo er ekki og

¹⁴ Skilgreiningin hljómar á þessa leið: „The unlawful killing of two or more victims by the same offender(s) in separate events“, R. J. Morton og M. A. Hiltz, ritstjórar, *Serial murder. Multi-disciplinary perspectives for investigators*, Behavioral Analysis Unit, National Center for the Analysis of Violent Crime, 2008, sótt 26. janúar 2023 af <https://www.ojp.gov/ncjrs/virtual-library/abstracts/serial-murder-multi-disciplinary-perspectives-investigators>.

¹⁵ Julie B. Wiest, *Creating Cultural Monsters. Serial Murder in America*, Boca Raton, Flórída: CRC Press, 2011, bls. 32–33.

¹⁶ Anthony Bolin og Robert Hale, „The Female Serial Killer“, *Contemporary Perspectives on Serial Murder*, ritstjórar Ronald M. Holmes og Stephen T. Holmes og Thousand Oaks, Kaliforníu: Sage, 1998, bls. 33–58, hér bls 34–36; Marissa A. Harrison, *Just as Deadly. The Psychology of Female Serial Killers*, London/New York: Cambridge University Press, 2023.

raunar benda nýlegustu gögn til þess að hlutfallslega séu fleiri raðmorðingjar af afrískum uppruna í Bandaríkjunum sem hafa ekki fengið eins ríkulega umfjöllun og þeir hvítu í gegnum tíðina sökum menningar- og félagslegra ástæðna.¹⁷ Þá var gjarnan talið að gerendur hefðu orðið fyrir misnotkun í ásku, ættu jafnvel í undarlegu sambandi við móður sína og væru í eins konar hefndarhug gagnvart henni eða þeim sem brutu á viðkomandi. Dýr voru jafnan sögð fyrstu fórnarlömb gerandans og ef ekki var um að ræða „viðurstyggilegt mennskt úrhrak“ var morðinginn þvert á móti „þokkafullur, greindur og skipulagður“.¹⁸ Þá var sagt að raðmorðingjar væru upp til hópa drifnir af kynferðislegum kvalarlosti og að klám, alkóhól eða önnur fíkniefni væru stór þáttur í afbrotahæðun þeirra.¹⁹ Vissulega á allt þetta við um einstaka morðingja en því fer fjarri að svo sé í flestum tilfellum.

Ofanefnd atriði eru mörg fengin úr fyrstu markvissu rannsóknunum sem gerðar voru á raðmorðum á tuttugustu öld í Bandaríkjunum þar sem áður nefndur Robert Ressler og aðrir fulltrúar alríkislögreglunnar voru virkir þátttakendur. Eðli málsins samkvæmt voru þessar athuganir heldur takmarkaðar og í nýlegri leikinni sjónvarpsseríu, *Mindhunter* (2017–2019), sem fjallar um þessar rannsóknir og er lauslega byggð á samnefndri bók fulltrúans John Douglas er ljósi varpað á þá staðreynd með gagnrýnum hætti. Í þáttunum kemur skýrt fram hversu úrtak gerenda var takmarkað og gögnin sem söfnuðust í viðtölum vafasöm þar sem viðmælendur áttu það til að ljúga eða færa í stúlinn. Auk þess er ljóst að fljótfærnin var einnig mikil til þess að koma niðurstöðum á framfæri sem fyrst. Þá er greinileg togstreita á milli alríkislögreglunnar og fræðasamfélagsins í þáttunum sem ýmsir aðilar hafa einmitt rætt um að hafi verið til staðar í raunveruleikanum í fyrstu.²⁰ Í ofanálög hafa svo ákveðnir gerendur orðið verulega fyrirferðarmiklir í almennum rannsóknum en Yaksic bendir á í riti sínu að einungis sextán einstaklingar sem unnu voðaverk sín á árunum 1954–1991, flestir bandarískir og einungis ein kona, fái langmesta umfjöllun í útgefnum ritum. Þau þrjú sem tróna efst eru Theodore Robert Bundy (Ted Bundy), sem myrta tugi kvenna í ólíkum fylkjum Bandaríkjanna á árunum 1974–1978, Aileen Wuornos, sem

¹⁷ Bandaríkjamenn af afrískum uppruna eru ekki nema 12% af bandarísku þjóðinni og miðað við það hlutfall eru fleiri raðmorðingjar meðal þeirra en hvíttra. Sé litið framhjá þessu eru þó mun fleiri hvítir raðmorðingjar og ber einnig að nefna að hér er tekið mið af mjög víðri skilgreiningu sem tekur meðal annars til drápa sem framin eru innan gengja eða í svokölluðum gengjastriðum. Sjá Enzo Yaksic, *Killer Data. Modern Perspectives on Serial Murder*, bls. 45.

¹⁸ Sama heimild, bls. 1–3.

¹⁹ Sama heimild, bls. 3.

²⁰ Joe Penhall (höf), *Mindhunter*, Los Angeles: Denver and Delilah Productions, 2017–2019.

myrri sjö karlmenn í Flórída milli 1989–1990, og Edmund Kemper sem drap 10 manns í Kaliforníu á tímabilinu 1964–1973, þar á meðal móður sína, afa og ömmu.²¹ Í þessu samhengi mætti einnig nefna Kobba kvíðristu enda þótt umfjallanir um hann (eða hana) séu alla jafna á öðrum forsendum. En líkt og mörg vita hefur aldrei tekist að upplýsa hver myrri í það minnsta fimm konur í Whitechapel hverfinu í Lundúnum árið 1888 og fjölmargar kenningar um auðkenni morðingjans spunnist fyrir vikið. Hér á eftir verður fjallað nánar um þau morð í samhengi við skáldsöguna *Kóperniku* eftir Sölva Björn Sigurðsson sem líkt og fyrr segir er meðal annars innblásin af þessum getgátum og „Kobba-menningu“.

Margt er enn á huldu um hvað orsakar gjörðir raðmorðingja og leita rannsakendur skýringa á því innan ólíkra fræðigreina, allt frá menningarfræðum til lífvísinda. Enda þykir ljóst að vandamálið er margþætt og rætur þess ekki síður bundnar félagslegu umhverfi og menningu en heilastarfsemi viðkomandi. Þá er sérhver raðmorðingi einstakur og misjafnt hvernig ólíkir þættir leika saman eða hver vegur mest; uppeldið, geðslagið eða menningarlegu gildin. Afbrotafræðingar hafa mótað alls kyns skapalón og flokka til þess að lýsa ólíkum hvötum raðmorðingja en þegar einstök mál eru skoðuð sannast iðulega hversu ófullkomin kerfin eru og að auki koma alltaf upp dæmi um einstaklinga sem passa ekki inn í þau.²² Í grein frá 2014 fjallar bandaríski réttarsálfræðingurinn Laurence Miller um helstu flokkunarkerfin og dregur þau saman í fjóra meginálka. Vert er að nefna þá áður en þessari yfirferð lýkur og umræðunni er snúið að Íslandi og skáldsögu Sölva Björns.

Fyrsti flokkurinn fangar þau sem drifin eru af kynferðislegum hvötum (e. *sexual sadists*) og myrða einkum til þess að fullnægja þörfum sínum fyrir drottun, það er að stjórna, pynta eða niðurlægja aðra manneskju. Næsti flokkur snýr að þeim sem haldin eru ranghugmyndum (e. *delusional killers*) ýmist vegna geðrænna kvilla en þó langoftast af hugmyndafræðilegum toga, svo sem þau sem myrða vændiskonur, eldri borgara, innflytjendur eða samkynhneigða til þess að „hreinsa“ götur samfélagsins af „óæskilegum lýð“. Sá þriðji nær til þeirra sem starfa við einhvers konar aðhlynningu (e. *custodial killers*) og geta til dæmis verið starfsfólk heilbrigðisstofnana sem myrða varnarlausu sjúklinga. Þá vísar fjórði og síðasti flokkurinn til fagmorðingja (e. *utilitarian killers*) sem fá greitt fyrir að drepa og stunda því glæpina af fjárhagslegum ástæðum þótt ekki sé hægt að útiloka sálfræðilegar eða menningarlegar hvatir í einhverjum tilfella.²³ Að lokum ber þó

²¹ Enzo Yaksic, *Killer Data. Modern Perspectives on Serial Murder*, bls. 4.

²² Sjá til dæmis Katherine Ramsland, *Inside the Minds of Serial Killers*, bls. xi–xii.

²³ Laurence Miller, „Serial killer. I. Subtypes, pattern, and motives“, *Aggression and Violent*

að nefna að einstaka morðingjar geta vel rúmast innan nokkurra mismunandi flokka.

Íslenskt samfélag, raðmorð og bókmenntir

Eins og nefnt hefur verið eru raðmorð sjaldgæfur glæpur þótt sakamálaþættir, -sögur og -kvikmyndir gefi mögulega annað til kynna og mörg slík morð framin fyrir augum áhorfenda og lesenda á hverju kvöldi um allan heim. Í fjölmenum ríkjum eins og Bandaríkjunum þar sem sirka 336 milljónir búa hefur þessi afbrotahæðun einna mest verið rannsökuð og sett fram sú tilgáta að um þrjú hundruð raðmorðingjar séu þar virkir á hverjum tíma. Þá er talið að þeim fækki stöðugt vegna breyttra skilyrða í samtímanum, farsíma- og samfélagsmiðlanotkunar, eftirlitsmyndavéla og eins kunnáttu lögreglunnar við að fanga þá.²⁴ Þótt talan megi virðast há eru raðmorðingjar þó einungis 0.000091 prósent af bandarísku þjóðinni samkvæmt henni. Sé hlutfallið sett í íslenskt samhengi verður líka samstundis ljóst að enginn slíkur leynist hér á landi þar sem íbúafjöldinn er rétt undir 400 þúsundum þegar þetta er skrifað. Þar að auki er tíðni morða á hverja 100 þúsund íbúa mun lægri hérlendis en í Bandaríkjunum en samkvæmt Margréti Valdimarsdóttur afbrotufræðingi hafa einungis tvö morð verið framin árlega hér á landi að meðaltali síðustu þrjátíu árin.²⁵ Hafa þau nær öll verið „dæmigerð íslensk morð“ svo notað sé heldur groddalegt tungutak rannsóknarlögreglumannsins Sigurðar Óla úr glæpasögunni *Mýrinni* (2000) eftir Arnald Indriðason, ýmist ástríðuglæpir eða mál tengd fikniefnum: „Subbul[eg], tilgangsla[us] og fram[in] án þess að gerð sé tilraun til þess að leyna þ[eim], breyta verksummerkjum eða fela sönnunargögn.“²⁶

Þá vottar geðshræringin og þjóðarsorgin sem fylgdi í kjölfar þess að hin tvítuga Birna Brjánsdóttir fannst myrt í janúar 2017 af manni sem var henni ókunnugur um óraunveruleika slíkra glæpa hér á landi. Málið sló þjóðina sem fylgdist agndofa með framvindu þess en Birna hvarf skyndilega úr miðbæ Reykjavíkur og fannst látin rúmri viku síðar við Selvogsvita í Ölfusi. Líkt og afbrotufræðingarnir Helgi Skúlason og Francis Pakes segja í grein um glæpinn þá hefði hann líklegast

Behavior 1/2014, bls 1–11, hér bls. 9.

²⁴ Gary Rodgers, „How to Avoid Being Murdered by a Serial Killer“, *HuffPost*, 3. desember 2016, sótt 16. apríl 2023 af https://www.huffpost.com/entry/how-to-avoid-being-murder_b_8707446. Sjá einnig hjá Laurence Miller, „Serial killer. I. Subtypes, pattern, and motives“, bls. 3.

²⁵ Arnar Björnsson, „Tvö manndráp að meðaltali á ári síðastliðin 30 ár“.

²⁶ Arnaldur Indriðason, *Mýrin*, Reykjavík: Vaka Helgafell, 2000, bls. 12.

vakið athygli í flestum samfélögum þar sem um var að ræða hrottanfengið morð á „fullkomnu fórnarlambi“ (e. *ideal victim*), það er ungri manneskju með framtíðina fyrir sér. Þar að auki var morðinginn útlendingur sem vekur jafnan meiri andstyggð hjá fólki vegna þjóðernislegra ástæðna. Aftur á móti er þó óvíst, bæta þeir Helgi og Pakes við, hvort málið hefði haft eins djúpstæð áhrif í öðrum löndum, fjölmennari ríkjum þar sem breiðara bil er á milli íbúa félagslega, menningarlega og landfræðilega. Íslendingar eru jú svokölluð örþjóð, „ein stór fjölskylda“ eins og Helgi og Pakes taka til orða, sem býr öll saman á lítilli eyju í Norður-Atlantshafi, á hjara veraldar. Friðsæld og jafnrétti er hér mikið og sameiginleg sjálfsmynd íbúa sterk, byggð á langri veru fólksins í landinu, menningu, bókmenntum, samskiptum við herraþjóðir í tímans rás og baráttu við náttúruöflin.²⁷ En allt hefur þetta vitaskuld áhrif á viðbrögð við glæpum, tíðni þeirra og eðli.

Í greininni „Modern serial killers“ fjallar félagsfræðingurinn Kevin D. Haggerty um raðmorð í samhengi nútímans og sýna skrif hans líka ágætlega hvernig aðstæður á Íslandi hafa að mörgu leyti hindrað að svona afbrot hafi átt sér stað hérlendis. Greinin er skrifuð árið 2009 og er forsenda hennar ákveðin eyða í raðmorðingjafræðum að mati Haggerty. Hann bendir á að of mikil áhersla hafi verið lögð á orsakafraeði og æviferla einstakra gerenda í rannsóknum og fyrir vikið hafi félagslegir, sögulegir og menningarlegir þættir verið vanræktir. Haggerty segir að raðmorðingjar séu í raun afsprengi nútímans en jafnvel þótt eldri dæmi séu til þá sé þar munur á, meðal annars sökum frægðar- og raðmorðingjamenningarinnar nú á dögum sem hefur vissulega haft áhrif á gerendur og tíðni afbrota og eins vegna þeirra sérstöku skilyrða sem einkenna nútímann og eru í senn lýsandi fyrir athæfið. Eða líkt og Haggerty orðar það:

Radmorð eru samhengisbundin og hvers kyns líffræðilegar hneigðir, persónulegar langanir eða mein sem gætu haft áhrif á hvatir morðingja eða mótað gjörðir þeirra eru skilyrt af stærri kerfislegum þáttum. Flest þau atriði sem einkenna raðmorð sérstaklega eru alfarið bundin nútímasamfélögum.

Enda þótt fólk hafi sennilega alltaf framið morð í röðum, þá var ekki hægt að vera raðmorðingi fyrir 500 árum þar sem þau öfl er gefa raðmorðum sitt sérstaka form, röksemdir, möguleika og hugmyndafræðilega umgjörð eru lýsandi fyrir nútímann. Við misstígum okkur í verufræðilegum skilningi þegar við þröngvum upp á sögulega einstaklinga

²⁷ Francis Pakes og Helgi Gunnlaugsson, „How a rare murder in Iceland has chilled a nation“, *The Conversation*, 6. febrúar 2017, sótt 18. apríl 2023 af <https://theconversation.com/how-a-rare-murder-in-iceland-has-chilled-a-nation-71766>.

þeim skilgreiningum sem hafa orðið til í samtímanum varðandi ólíkar manngerðir, gerum til dæmis ráð fyrir því að morðingjar endur fyrir löngu hafi verið raðmorðingjar þegar hugtakið og þekkingin um at-hæfið var ekki til.²⁸

Um þá afstöðu að raðmorðingjar séu sérstakt afsprengi nútímans eru vissulega skiptar skoðanir. Út frá sjónarmiði Haggerty verður einnig ljóst að hinn alræmði Axlar-Björn sem hingað til hefur verið kallaður fyrsti og eini raðmorðingi Íslandssögunnar er í sjálfu sér ekki slíkur. Samkvæmt Haggerty hefur raðmorðinginn ákveðna persónugerð sem felur í sér vissa afstöðu, sjálfsvitund og verufræði sem mótast í nútímanum við tiltekin menningarleg og félagsleg skilyrði samhliða því sem athæfið er skilgreint og meðal annars fjallað um það í fjölmiðlum. Slíkt samhengi hefur Björn Pétursson frá Öxl á Snæfellsnesi vitaskuld ekki haft á 16. öld þegar hann framdi glæpi sína. Raðmorðingjahugtakið var þá ekki til og heldur ekki sú ímyndasköpun sem hefur átt sér stað í dægurmanningunni á Vesturlöndum í nútímanum þar sem raðmorðingjar hafa orðið að goðsagnkenndum figúrum sem ýmsir heillast af og vilja jafnvel feta í fótsporin á. Eða svo aftur sé gripið til orða Haggerty: „Í samfélögum fyrir tíð nútímans var sú gjörð að myrða í röð *eitthvað sem einhver gerði*, í dag er raðmorðinginn aftur á móti *eitthvað sem hægt er að vera í sjálfu sér*.“²⁹

Þá nefnir Haggerty sex atriði sem einkenna glæpin og eru um leið skilyrt af hinum sögulega nútíma á Vesturlöndum sem hófst með iðnbyltingunni um 1800 og hefur allar götur síðan einkennst af auknu trúleysi, einstaklingshyggju og kapítalisma svo fátt eitt sé nefnt. Eru þau eftirfarandi: (1) Fjölmiðlar og frægðarmenningin sem hefur skapast innan þeirra þar sem frægðin er skilgreind eftir-

²⁸ Kevin Haggerty, „Modern serial killers“, *Crime Media Culture* 2/2009, bls. 168–187, hér bls. 171. Þýðing og skáletrun mín. Á frummálinu hljómar tilvitnunin á þessa leið: „Serial killing is contextual, and any biological predispositions, individual desires or personal pathologies that might play a role in motivating killers or shaping their actions are conditioned by larger structural factors. Most of the characteristic attributes related to the dynamics of serial killing are unique to modern societies. While people have probably always killed others sequentially, 500 years ago it was not possible to be a serial killer as many of the forces which give serial murder its particular shape, rationalizations, opportunity structures and ideational frameworks are characteristically modern. We engage in a form of ontological slippage when we work backwards, imposing our contemporary classifications of types of people on historical figures, assuming, for example, that long-ago murderers were really serial killers operating *avant la lettre*.“

²⁹ Kevin Haggerty, „Modern serial killers“, bls. 175. Þýðing og skáletrun mín. Á ensku hljómar tilvitnunin á þessa leið: „whereas in pre-modern societies killing sequentially might have been something that someone did, today a serial killer is something that someone can be.“

sóknarverð, eins konar mælikvarði á virði einstaklinga. Um leið er skilvirkasta leiðin til þess að öðlast frægð og viðurkenningu að fremja hrottalegan glæp eins og sannast hefur með mörgum dæmum á Vesturlöndum. (2) Borgarvæðingin sem ól af sér samfélag ókunnugra þar sem ópersónuleg samskipti einkenna daglegt líf og borgarar hafa mun minna eftirlit hver með öðrum sem gerir gerendum auðveldara fyrir með að fremja afbrot sín og leita skjóls í margmenninu. (3) Formleg skynsemi (e. *means-ends rationality*) sem iðkuð er á kostnað ýmissa grunn-gilda svo sem jafnréttis og umhyggju fyrir náunganum. (4) Menningarlegar umgjarðir ýmiss konar sem valda jaðarsetningu og arðráni á ákveðnum hópum sem ráðamenn skipta sér lítið sem ekkert af. (5) Sérstakar aðstæður þar sem auðvelt er að nálgast fórnarlömb svo sem heimilislausa og kynlífsverka fólk á götum úti; og að lokum (6) hugmyndin um að hægt sé að móta samfélagið eftir ákveðinni forskrift, hanna það og hreinsa líkt og nasistar höfðu meðal annars í hyggju og unnu að með mjög nákvæmum og vélrænum aðferðum í Þýskalandi síns tíma.³⁰

Séu þessi atriði sett í samhengi við íslenskt samfélag verður fljótt ljóst að hér hafa ekki verið kjöraðstæður fyrir raðmorðingja að athafna sig. Í fyrsta lagi barst nútíminn seint til landsins. Í raun er það ekki fyrr en með hernáminu 1940 sem sambærilegar þjóðfélagsbreytingar urðu hérlandis og orðið höfðu í Evrópu með iðnbyltingunni þar sem borgir blésu út og urðu að þeim myrkviðum sem Lundúnasögur Charles Dickens og Pétursborgartextar Fjodor Dostojevskí votta um.³¹ Reykjavík og nálægir bæir stækkuðu að sjálfsgöðu mjög á tuttugustu öld, fólk flyktist úr sveitum í borg með tilheyrandi vaxtarverkjum, húsaskorti og atvinnuleysi, en hingað til hefur þó ekki byggst upp slík alþjóðleg stórborg sem veitir raðmorðingjum þau tækifæri og vernd sem Haggerty ræðir um. Borgarbúar eru einfaldlega of fáir og þá er samsetning samfélagsins líka menningarlega og félagslega fábrotin líkt og Helgi og Pakes nefna í grein sinni um morðið á Birnu. Jaðarsetning og arðrán á einstaka hópum eins og tíðkast í lagskiptari ríkjum líkt og Bandaríkjunum þar sem svart fólk hefur sem dæmi þolað mikla kúgun gerist því síður hér. Enda þótt vændi tíðkist á Íslandi, eins og annars staðar, gengur kynlífsverka fólk samt sem áður ekki um göturnar að jafnaði því bæði eru vændiskaup ólögleg og eins er íslensk veðráttá fremur óblíð og býður síður upp á mikið „götuhangs“. Af þessum sömu ástæðum fá þau heimilislausu líka húsaskjól og einnig félagslega vernd ef þau óska þess þar sem að á Íslandi er velferðar- og

³⁰ Kevin Haggerty, „Modern serial killers“, bls. 173.

³¹ Guðmundur Hálfánarson, „The Beloved War. The Second World War and the Icelandic National Narrative“, *Nordic Narratives of the Second World War. National Histographies Revisited*, ritstjórar Henrik Stenius, Mirja Österberg og Johan Östling, Lundi: Nordic Academic Press, 2011, bls. 79–100, hér bls 80–81.

heilbrigðiskerfi að skandinavískri fyrirmynd sem aukinheldur felur í sér forvörn gegn ofbeldisfullum glæpum. Þá er aðgengi að menntun gott, háskólanám svo að segja gjaldfrjálst og hlutfall menntaðra á Íslandi hátt í alþjóðlegum samanburði sem leiðir til upplýstara samfélags.

Aftur á móti hafa miklar breytingar orðið á íslensku samfélagi undanfarin ár og mannflóran stöðugt að verða fjölbreyttari með innflytjendum frá Evrópu og flóttafólki sem hlýtur alþjóðlega vernd. Þá eykst líka túrismi ár frá ári. Breytt samsetning þjóðfélagsins mun án efa ala af sér litskrúðugri menningu og listir en um leið eru auknar líkur á að glæpir verði hér margvíslegri vegna núninga ólíkra hópa. Raunar hafa nú þegar sést merki um slíkt en samkvæmt lögreglu munaði mjóu að hér yrðu framin hryðjuverk, fjöldamorð af þjóðernislegum ástæðum í lok árs 2022 þegar tveir ungir íslenskir karlmenn voru handteknir fyrir vörslu og framleiðslu á þungavopnum sem þeir hugðust beita.³² Rétt eins og morðið á Birnu Brjánsdóttur skópu þessar fréttir bæði óhug og vissa óraunveruleikatilfinningu hjá landsmönnum. Í kjölfarið var gjarnan talað um breyttan veruleika á Íslandi í fjölmiðlum þar sem glæpir er áður höfðu talist óhugsandi hér á landi voru skyndilega orðnir að raunveruleika.³³ Vottar málið ágætlega um það útlendingahatur og þjóðernishyggju sem fyrirfinnst í íslensku samfélagi og hefur víða reynst farvegur fyrir illverk á borð við fjölda- og raðmorð. Ef menningarleg og félagsleg einsleitni hafa hingað til komið í veg fyrir afbrot af þessu tagi eru sömu skilyrði ef til vill orðin að hvata fyrir sum við breyttar aðstæður í samtímanum.

Þá má heldur ekki gleyma að á Íslandi eru ýmis menningarleg og félagsleg viðhorf ríkjandi sem margir rannsakendur tengja sterklega við háttsemi raðmorðingja, svo sem einstaklingshyggja, neysluhyggja, kapitalismi og karl-

³² Andrés Magnússon, Ari Páll Karlsson og Karlotta Líf Sumarliðadóttir, „Töldu árás yfirvofandi“, *Mbl.is*, 23. september 2022, sótt 19. janúar 2023 af https://www.mbl.is/frettir/innlent/2022/09/23/toldu_aras_yfirvofandi/. Einnig mætti nefna ýmis mál tengd undirheimunum þar sem skotvopn hafa verið notuð með markvissum hætti, svo sem morðið í Rauðagerði þann 13. febrúar 2021 þar sem málsaðilar voru flestir af erlendum uppruna. Hefur þessu morði verið lýst sem „vel skipulagðri aftöku“. Sjá Freyr Gígja Gunnarsson, „Saksóknari. Morðið í Rauðagerði vel skipulögð aftaka“, *Fréttavefur RÚV*, 23. september 2021, sótt 22. maí 2023 af <https://www.ruv.is/frettir/innlent/2021-09-23-saksoknari-mordid-i-raudagerdi-vel-skipulogd-aftaka>.

³³ Lillý Valgerður Pétursdóttir, „Fleiri telja líkur á hryðjuverkaárás á Íslandi en áður“, *Vísir.is*, 28. september 2022, sótt 2. júní 2023 af <https://www.visir.is/g/20222317308d/fleiritelja-likur-a-hrydjuverkaaras-a-islandi-en-adur>. Sjá einnig grein Brynjars Nielssonar á *Vísi* um afbrotavarnir lögreglunnar og breyttan veruleika á Íslandi, „Afbrotavarnir gegn skipulagðri brotastarfsemi og hryðjuverkum“, *Vísir.is*, 29. september 2022, sótt 2. júní 2023 af <https://www.visir.is/g/20222317653d/af-brota-varnir-gegn-skipu-lagdri-brota-starf-semi-og-hrydju-verkum>.

lægt vald.³⁴ Það er þó kannski ólíkt hvernig þessum gildum hefur verið miðlað í gegnum tíðina hér á landi en eðli málsins samkvæmt er fjölmiðlamenningin mun fábrotinari hér en til dæmis í Bandaríkjunum og Bretlandi þar sem hæsta tíðni raðmorða er og talsvert verið gert úr afbrotunum í slúðurbloðum og skáldskap. Fáir rötgrónir og sumpart íhaldssamir fjölmiðlar stýra að miklu leyti orðræðunni og hin svokallaða „gula pressa“ sem gerir sér jafnan mat úr skandölum og slúðri um frægt fólk og beitir til þess dramatísku og tilfinningalegu orðfæri í stað hlutlausari umfjöllunar er lítt áberandi.³⁵ Frægð í litlu landi felur líka ef til vill ekki í sér eins mikla virðisaukningu eða fjárhagslegan ávinning og í fyrrnefndum löndum. Um leið er bandarísk dægurmenning þó mjög áhrifamikil á Íslandi eins og annars staðar og ýmis viðhorf landsmanna mótuð af henni, ekki síst varðandi raðmorðingja sem stundum eru sagðir „eins bandarískir og eplapæ“.³⁶ Þá sækja líka æ fleiri fréttir, fróðleik og afþreyingu til erlendra miðla, einkum þeirra bandarísku, og ljóst að hver og einn byggir sjálfsmynd sína úr ólíkasta efnivið í alþjóðavæddum samtímanum. Það menningarlega samhengi sem Haggerty ræðir um og elur af sér raðmorðingja er Íslendingum því vel aðgengilegt nú á dögum um leið og hin félagslegu skilyrði eru sífellt að breytast í landinu.

Líkt og Katrín Jakobsdóttir, núverandi forsætisráðherra og íslenskufraeðingur, kemur inn á í bók sinni *Glæpurinn sem ekki fannst. Saga og þróun íslenskra glæpasagna* (2001) var hinn smái og um margt einsleiti félagslegi veruleiki á Íslandi lengi ákveðin fyrirstaða fyrir bókmenntir um glæpi. Ekki síst eiga orð hennar vel við glæpasögur sem er sú bókmenntagein ásamt hrollvekjunni þar sem raðmorðingjar koma helst fyrir. Lesendur hváðu gjarnan þegar íslenska glæpasagan barst í tal skrifar Katrín og þótti hún beinlínis óeðlileg bókmenntategund á Íslandi. Hér vantaði félagslega samhengið og þá umgjörð sem greinin kallaði eftir, svo sem skuggahverfi stórborga eða ensk óðalssetur.³⁷ Í inngangi sínum vitnar Katrín í *Dauðarósir* (1998) eftir Arnald Indriðason, eins af frumkvöðlum íslenskra glæpasagna, þar sem þetta er einmitt rétt í stuttri senu og spurt hvers vegna Íslendingar skrifi ekki spennubókmenntir, þeir skrifi jú allar aðrar tegundir sagna. Komast persónurnar að þeirri niðurstöðu að glæpaflóran sé ekki nógu spennandi hér á

³⁴ Sjá til dæmis Julie B. Wiest, *Creating Cultural Monsters. Serial Murder in America*, bls. 3; og Jane Caputi, *The Age of Sex Crime*, London: The Woman's Press, 1988, bls. 4.

³⁵ Guðni Elísson bókmenntafræðingur hefur að vísu fjallað um orðræðuna í *DV* í tengslum við gotneska heimsýn. Sjá Guðni Elísson, „Dauðinn á forsiðunni. *DV* og gotnesk heimsýn“, *Skírni* 1/2006, bls. 15–132.

³⁶ David Schmid, *Natural Born Celebrities. Serial Killers in American Culture*, bls. 25. Tilvitnun hljómar upprunalega á þessa leið: „Serial killers are as American as apple pie.“

³⁷ Katrín Jakobsdóttir, *Glæpurinn sem ekki fannst. Saga og þróun íslenskra glæpasagna*, Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2001, bls. 9.

landi og íslensk nöfn sömuleiðis svo hallærisleg að enginn almennilegur spæjari gæti heitið þeim.³⁸ Með öðrum orðum væri Ísland eða Íslendingar alltof „sveitó“, lummulegir og gamaldags. Sveitin sjálf var líka lengi hið sjálfsgæða sögusvið íslenskra bókmennta og kvikmynda og ekki fyrr en seint á tuttugustu öld að það snérist við að einhverju ráði.³⁹ Í íslenskum kvikmyndum er sveitin þó enn býsna áberandi sem sögusvið. Raðmörðingjar í nútímalegum skilningi áttu þar af leiðandi lítið erindi við þjóðina í sögum framan af. Ýmsir bókmenntalegir forverar þeirra voru aftur á móti til staðar, svo sem útlagar fornsagnanna, draugar og aðrar þjóðsögulegar ófreskjur, tröll, Grýla, ýmsar Íslendingasöguhetjur og ekki má gleyma Gunnvöru í *Sjálfstæðu fólki* (1934) eftir Halldór Laxness, en saga þeirrar sögupersónu er einmitt sniðin eftir þjóðsögunni um Axlar-Björn.⁴⁰

Viðhorf lesenda til íslenskra glæpasagna á árum áður er vitnisburður um raunsæiskröfu íslenskrar sagnagerðar og eins afstöðu manna til afþreyingar- eða greinabókmennta á borð við glæpasöguna, ástarsöguna og hrollvekjuna. Slíkar bókmenntir áttu lengi vel ekki upp á pallborðið hér á landi og sárafáir innlendir höfundar sem helguðu sig slíkum skrifum langt fram á tuttugustu öld. Vissulega er bróðurpartur afþreyingarbókmennta harla ómerkilegur en góðar sögur eru vitaskuld einnig til á meðal þeirra og hafa sitt gildi. Eins og rithöfundurinn Þráinn Bertelsson nefnir í grein í *Tímariti Máls og menningar* árið 1978, sem helgað var skemmtisögum, vildu Íslendingar hins vegar aldrei viðurkenna þessar bókmenntir sem nokkuð annað en sorþrit.⁴¹ Var þetta að minnsta kosti opinber skoðun margra þótt eflaust hafi mörg laumað sér í þær eins og Guðni Elísson, rithöfundur og bókmenntafræðingur, gerir lesendum til dæmis ljóst í skáldverki sínu *Ljósildrunni* (2021) þar sem forseti landsins og eins konar bókmenntapafi les formúlukenndar ástarsögur sér til yndis þegar enginn sér til hans.⁴² Afþreyingarsögur alls kyns voru jú þýddar yfir á íslensku í stórum stíl og þrátt fyrir orðræðu bókmenntaelítunnar voru lesendur almennt sólgnir í þær.⁴³ Í seinni tíð hefur

³⁸ Arnaldur Indriðason, *Dauðarósir*, Reykjavík: Vaka Helgafell, 1998, bls. 61–62.

³⁹ Frá og með áttunda áratug síðustu aldar styrkist staða Reykjavíkur mjög sem sögusvið í íslenski sagnagerð að mati Ástráðs Eysteinsonar sem fjallar um bókmenntaborgina í greininni „Hlið við hlið. Tapað-fundið í framandi borgum“ í *Ritinu* 2/2018, bls 17–49, hér bls. 26.

⁴⁰ Í nýjustu útgáfu *Sjálfstæðs fólks* þar sem stafsetningu Halldórs hefur verið breytt í samræmi við nútímamál ritar íslenskufræðingurinn Gunnar Skarphéðinsson orðskýringar og nefnir að sagan af Gunnvöru sé að mestu leyti sniðin eftir þjóðsögunni um Axlar-Björn. Sjá Halldór Laxness, *Sjálfstætt fólk*, Vaka-Helgafell: Reykjavík, 2019, bls. 6.

⁴¹ Þráinn Bertelsson, „Um finar bókmenntir og ófinar“, *Tímariti Máls og menningar* 1/1978, bls. 37–42, hér bls. 39.

⁴² Guðni Elísson, *Ljósildran*, Reykjavík: Lesstofan, 2021.

⁴³ Ásta Kristín Benediktsdóttir, „Bókvit og dægurvöl“, *Íslenskar bókmenntir. Saga og samhengi*,

sóknin síður en svo dregist saman en viðhorfin til glæpasögunnar hafa aftur á móti batnað verulega þótt hrollvekjan en þó ekki síst ástarsagan eigi nokkuð í land enn þá þar sem varla er til innlendir höfundur sem hefur sérhæft sig í þeirri grein.⁴⁴

Raunar er staða glæpasögunnar orðin svo sterk í íslensku bókmenntalífi að flokka mætti stóran hluta innlendirar bókmenntaframleiðslu undir slík skrif og eru íslenskir lesendur fyrir vikið orðnir þaulvanir að lesa um „ólíklegustu“ glæpi sem gerast á litla Íslandi.⁴⁵ Eru þetta hinar ágætustu fréttir fyrir bókmenntalega raðmorðingja sem þykja nú ekki eins mikil fjarstæða og áður fyrr í bókmenntalegu tilliti og mögulega einnig því félagslega með breyttum veruleika á tuttugustu og fyrstu öld eins og rætt hefur verið um. Ýmsir höfundar hafa mátað raðmorðingjann við íslenskt samfélag í sögum sínum, þar á meðal Viktor Arnar Ingólfsson í glæpasögunni *Aftureldingu* (2005) sem sjónvarpsserían *Mannaveiðar* (2008) var gerð eftir og Yrsa Sigurðardóttir í trylli sínum *DNA* frá árinu 2016. Ásamt úrvinnslu Halldórs Laxness á sögninni um Axlar-Björn í *Sjálfstæðu fólki* hafa svo í það minnsta tvær aðrar skáldsögur spunnist út frá glæpum Björns, *Þrjár svartar sólir* eftir Úlfar Þormóðsson frá 1988 og *Björn og Sveinn* (1994) eftir Megas. Í þeirri síðarnefndu hafa feðgarnir Axlar-Björn og Sveinn skotti flust nokkrar aldir fram í tímann og spóka sig um í miðbæ Reykjavíkur á tíunda áratug síðustu aldar. Þá hefur rithöfundurinn Þórarinn Leifsson ritað þrjár bækur þar sem raðmorðingjaminnið er notað; *Leyndarmálið hans þabba* (2007), *Maðurinn sem hataði börn* (2014) og *Út að drepa túrista* (2021). Þær fyrrnefndu eru barnabækur sem vottar ef til vill um það hversu þekkt og viðurkennd stærð í menningunni raðmorðinginn er orðinn hérlendis.

Íslendingaplágan

Árið 2021, í Covid faraldrinum miðjum, komu út þrjár íslenskar raðmorðingjafrásagnir; skáldsagan *Kópernika* eftir Sölva Björn Sigurðsson, glæpaþáttaröðin *Svörtu sandar* í leikstjórn Baldvins Z og fyrrnefnt verk Þórarins Leifssonar *Út að drepa túrista*.⁴⁶ Tvær síðarnefndu frásagnirnar deila því að fjallað er um túrista-

ritstjóri Ármann Jakobsson, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2022, bls. 683–710, hér bls. 689–690.

⁴⁴ Íslenskir bókmenntafræðingar hafa engu að síður fjallað um þessar bókmenntategundir í skrifum sínum og er það til marks um ákveðna viðhorfsbreytingu og aukna viðurkenningu.

⁴⁵ Þar að auki eru í dag veitt sérstök verðlaun fyrir bestu innlendu glæpasöguna, Blóðdropinn, sem afhentur er á sama tíma og Íslensku bókmenntaverðlaunin.

⁴⁶ Sölvi Björn Sigurðsson, *Kópernika*, Reykjavík: Sögur, 2021. Hér á eftir verður vísað til

dráp á landsbyggðinni en bækur Sölva og Þórarins eiga það sameiginlegt að sjálf pestin er í bakgrunni. Bæði verkin voru enda skrifuð í faraldrinum og má meðal annars túlka þau sem listrænt viðbragð höfundu við ástandinu þar sem að mörgu leyti hliðstætt fyrirbrigði veirunnar, raðmorðinginn, er notaður til þess að lýsa „kófinu“ eins og þetta ískykkilega tímabil var gjarnan kallað hérlendis. Frásögn Þórarins er samtímaleg og gerist um það leyti sem kórónuveiran nemur land en í *Köþerníku* eru aðstæður staðfærðar. Sagan á sér stað í Kaupmannahöfn á ofanverðri 19. öld, nánar tiltekið haustið 1888 þegar sýfilisfaraldur geisar í borginni og raðmorðingi gengur laus. Rétt eins og hin agnarsmáa og dularfulla veira (baktería í tilviki sýfilis) sem ryður sér leið inn í samfélagið, getur leynst hvar sem er, búið í hverjum sem er og hriksar hvert lífið á fætur öðru, er raðmorðinginn einnig ósýnilegur í margmenninu, drepur samviskulaust, hnitmiðað og heldur borgarbúum í heljargreipum óttans, í eins konar kófi:

Á ofanverðri 19. öld var uppi í Kaupmannahöfn svo óskammfeilinn manneskja að jafnvel slyngasta fólk á snærum yfirvalda reyndist vand-sótt að leita hana uppi. Var það raunar álit sumra að valdhafarnir sýndu úrvinnslu þessa sakamáls takmarkaðan áhuga og var ástæðan talin sú að illvirkinn kynni tæplega að koma úr röðum hnífalubba og götuþorpara heldur væri næturstaðar hans fremur að leita undir einum af betri þökum borgarinnar. Ekki skal fullyrt um það hér hvort þessar vangaveltur hafi reynst skynsamlegar þá mánuði sem morðaldan gekk yfir en hitt er hafið yfir vafa að handbragð ódæðismannsins líkist í engu fálmenndu poti ræsisbófanna heldur beitti hann lærdustu aðferðum við að svipta samborgara sína lífi (17).

Víðast hvar var tekið hart á Covid faraldrinum og því ætti ekki að túlka ofanverða tilvitnun sem sneið til yfirvalda. Þá var veiran vitaskuld enginn „betri borgari“ með skotleyfi á fólk heldur vágastur úr frumskógum Kína, hinu fjarlægasta Austri. Hún snerti jafnframt líf allra og fór ekki í manngreinarálit. Þau valdamiklu voru í jafnbráðri hættu og þau valdaminni og aðgerðir þar af leiðandi nauðsynlegar þótt mörgum fyndist hart að frelsi sínu vegið.⁴⁷

þessa verks með blaðsíðutali í svigum innan meginmáls. Baldvin Z (leikstjóri), *Svörtu sandar*, Reykjavík: Glassriver, 2021; Þórarinn Leifsson, *Út að drepa túrista*, Reykjavík: Mál og menning, 2021.

⁴⁷ Ýmsir aðilar lýstu yfir óánægju sinni yfir aðgerðum stjórnvalda í faraldrinum, til dæmis stjórnmálamennirnir Brynjar Niélsson og Sigríður Andersen sem gerðu raunar lítið úr ógninni og töldu takmarkanir óþarfar. Sigríður fór þar að auki fyrir hóp sem gagnrýndi viðbrögð stjórnvalda. Sjá vefsíðuna *Kófið*: <https://kofid.is/>.

Að þessu leyti eru raðmorðingjar ólíkir og því ef til vill ekki eins hættulegir, að minnsta kosti geta sum andað rólegar. Þeir velja jafnan fórnarlömb sín vandlega og niðast helst á þeim sem minna mega sín eða eru auðveldar bráðir líkt og afbrotafræðingurinn Enzo Yaksic bendir á.⁴⁸ Þau öldruðu og hjargarlausu, þau sem eru illa stödd félagslega, búa á götunum eða starfa við kynlífsþjónustu eru algeng fórnarlömb enda líklegra að þeirra verði ekki saknað. Um leið kæra yfirvöld sig oft minna um þennan hóp fólks. Svoleiðis komast morðingjar upp með glæpi sína og geta haldið þeim áfram óáreittir. Það er sjaldgæft að valdamiklir einstaklingar séu myrtir af raðmorðingjum og ef slíkt kemur upp eru morðin iðulega túlkuð sem pólitískur gjörningur, árás á málstað viðkomandi, ákveðna hugmyndafræði eða kerfi sem eru jafnan ríkjandi í samfélaginu. Þá er líka oftast en ekki tekið hart á málum.⁴⁹

Fórnarlömb raðmorðingjans í *Köperníku* eru athyglisverð blanda þessa. Þau eiga það mörg sameiginlegt að vera í senn valdamikil og félagslega undirsett sem gæti enn fremur útskýrt áhugaleysi stjórnvalda að leysa málið í sögunni. Það gæti þó allt eins verið getuleysi þar sem um fordæmalausan glæp er að ræða. Að vísu halda menn fyrst um sinn að barnamorðingi gangi laus í borginni þar sem krakkarnir á götunum virðast vera að týna tölunni smátt og smátt. Hinn hnarreisti Halldór Júbélium, nýútskrifaður íslenskur læknir frá konunglega háskólanum, óttast því síður morðingjann enda ekkert barn og leyfir sér að vera úti eftir myrkur. Halldór veit hins vegar ekki, ekkert frekar en lesandi á þessu stigi, að engin barnamorð hafa átt sér stað. Ástæðan fyrir hvarfi götukrakkanna er síður en svo ógeðfelld en líkt og kemur fram seint í sögunni starfar góðhjartað fólk við að bjarga þeim af götunum. Má reyndar túlka þennan þráð verksins sem dæmi um það hvernig raðmorðingjaógnin er stundum blásin út, úlfaldi gerður úr mýflugu eins og sagnfræðingurinn Philip Jenkins ræðir meðal annars í bók sinni *Using murder. The Social Construction of Serial Homicide* (1991) þar sem raðmorðingjafárið (e. *serial killer panic*) í Bandaríkjunum á áttunda og níunda áratug síðustu aldar er tekið til skoðunar.⁵⁰ Seinna í sögunni er þessi tilhneiging manna

⁴⁸ Enzo Yaksic, *Killer Data. Modern Perspectives on Serial Murder*, bls. 1–3.

⁴⁹ Í þessu samhengi mætti nefna glæpi bandaríska morðingjans Ted Kaczynski sem dæmi um þetta en hann sendi bréfasprengjur á ýmsa velmegandi borgara, einnig háskóla og flugfélög og tókst að myrða þrjá einstaklinga. Kallaði hann eftir niðurrífi nútímaíðn-samfélagsins og fékk manifestó sitt birt í *The Washington Post* árið 1995 en var handtekinn stuttu síðar. Leitin að honum var sú dýrasta í sögu bandarísku alríkislögreglunnar á sínum tíma. Sjá „The Unabomber“, *FBI: Federal Bureau of Investigation*, sótt 23. maí 2023 af <https://www.fbi.gov/history/famous-cases/unabomber>. Theodore John Kaczynski, *Industrial Society And Its Future*, Westminster, Colorado: PubHouseBooks, 2018.

⁵⁰ Sjá Philip Jenkins, *Using Murder. The Social Construction of Serial Homicide*, bls. 21–22.

einnig ávörpuð af sögumanni og ná orð hans einkar vel utan um hvað ræðir: „Sögurnar mögnuðust við hverja frásögn og það sem áður var stakur atburður sem vart gat ógnað almenningi var nú orðið að morðfaraldri sem lét engan óhultan.“ (238) Það er þó vissulega raðmorðingi á götunum í Kaupmannahöfn en hann fýsir þó í allt annars konar blóð en barnablóð eins og Halldór kemst að raun um þegar yfir hann rís stór skuggi á göngunni heim frá Assistens-kirkju-garðinum og hann myrtur, skorinn upp og nýra úr honum tekið.

Þau sem verða morðingjanum einkum að bráð í sögu Sölva Björns eru karlmenn á besta aldri, hvítir á hörund, efnaðir eða vel menntaðir eins og Halldór. Að sama skapi herjar þessi „plága“ einna helst á Íslendinga sem eru um leið annars flokks þegnar í borginni. Orð Andersens yfirlæknis á konunglega spítalanum eru meðal þess sem vitna um þessi viðhorf. Í eftirfarandi klausu ræðir hann við undirmann sinn, unglækninn og Íslendinginn Finn Kóperníkus, sem jafnframt er aðalhetja sögunnar og vitundarmiðja. Finnur er uppeldisbróðir Halldórs úr Vatnsdal í Austur-Húnavatnssýslu og setur Andersen honum það verkefni að leita illvirkjans. Það gerir hann lengi án nokkurs árangurs enda morðinginn einkar klókur og fær á sínu sviði líkt og bókmennta-raðmorðingjar jafnan eru:

Þitt samfélag á skilið að einhver einbeiti sér einu sinni að því að komast til botns í dauðsfalli innan ykkar raða. Þið dettið í stiga og fallið í síki. Narratívan um ykkur Íslendinga er sú að þið séuð algjörir aular. Ég þykist vita aðeins betur, þótt ég sé aldrei viss um neitt. Stúdentavinir þínir á Regens-Garði og Bókmenntafélagið ykkar íslenska keppist nú við að fá slitið þjóðasamstarfi við Dani. Það er gott og vel. Ef þið getið staðið á eigin fótum þá megið þið það mín vegna. Ég sé þó ekki að stundin sé runnin upp. Þið verðið að hafa þolinmæði til þess að verða sjálfstæð. Eins og þú verður að hafa þolinmæði ef þú ætlar að endast í embætti hér á spítalanum (46).

Enda þótt lesendur séu orðnir þaulvanir að lesa um „ólíklegustu“ glæpi sem gerast hér á landi í sögum er engu að síður vandasamt að heimfæra raðmorðingjann yfir á Ísland og takast höfundar mismunandi á við það. Eins og fyrr segir, og Kevin D. Haggerty ræðir um í grein sinni, er raðmorðinginn afsprengi ákveðins veruleika sem nútíminn ól af sér og á miklu fremur heima í stærra, fjölbreyttara og lagskiptara samfélagi.⁵¹ Sölvi Björn leysir þetta vandamál á einkar haggvæman og skapandi hátt með því að skrifa sögulega glæpasögu og færa lesendur til þess tíma þegar Kaupmannahöfn var höfuðstaður Íslands. Um leið opnast

⁵¹ Kevin Haggerty, „Modern serial killers“, bls. 173.

tækifæri til þess að ræða samskipti og núning þjóðanna og verður hugmyndin um raðmorðingjann ein af leiðum höfundarins í því verkefni. Rétt eins og aðrar borgir í Evrópu á 19. öld hafði Kaupmannahöfn verið snert af nútímanum/ iðnbyltingunni og í örum vexti með tilheyrandi þensluverkjum; húsaskorti, innflytjendum, götufólki, skítugum strætum, glæpum og sjúkdómum og eru þessum aðstæðum gerð skil í skáldverkinu með gróteskum lýsingum. Til Kaupmannahafnar fóru Íslendingar til náms og voru það vitaskuld mikil viðbrigði fyrir þá að koma í þennan veruleika svo ólíkum þeim íslenska. Líkt og orð Andersens votta réðu ekki allir við umskiptin, ýmsir féllu í drykkjuskap eða flosnuðu úr námi af öðrum sökum og komst þannig visst óorð á Íslendinga í borginni. Á sama tíma heyrðust háværar raddir úr röðum íslenskra menntamanna um sjálfstæði þjóðarinnar og ljóst að ekki voru allir Danir sáttir við slíkar hugmyndir.

Þar sem um glæpasögu er að ræða einkennist lesturinn af miklum getgátum varðandi auðkenni morðingjans og hefðinni samkvæmt fæst lausnin ekki fyrr en í blálökin. Lesandinn samsamar sig líkast til Finni og setur sig í spor hans sem spæjara. Flestar persónur liggja undir grun nema hugsanlega þær sem bera raunverulega ábyrgð. Getur það ýmist verið merki um hæfni höfundar og velheppnaða ráðgátu eða dæmi um það hvernig rótgrónar og almennar hugmyndir um raðmorðingja stýra lestrinum. Eins og umræðan hingað til gefur í skyn mætti halda í byrjun að morðinginn sé þjóðernissinnaður Dani, einstaklingur sem haldinn er ranghugmyndum af hugmyndafræðilegum toga og ímyndar sér að hann sé að hreinsa göturnar af óæskilegum lýð. Í þessu tilviki íslenskum sveitalubbum sem kunna ef til vill ekki að meta það sem gert er fyrir þá og vilja slíta þjóðarsamstarfi við Dani sem þó hefur fært þeim ýmis fríðindi. Í því sambandi má til dæmis nefna að margir Íslendingar fengu veglegan styrk frá konungi til þess að stunda nám í Kaupmannahöfn á sínum tíma og er almenn söguskoðun sú að Danir hafi verið fremur blíðir nýlenduherrar. Sum líta jafnvel svo á að ekki hafi verið um eiginlegt nýlendusamband að ræða heldur Ísland verið svokölluð hjálenda í Danaveldi en um það eru þó skiptar skoðanir.⁵²

Út frá þessum hugmyndum verður raðmorðinginn því eins konar læknir samfélagsins en fórnarlömbin aftur á móti plága ólíkt því sem rætt var um að framan þar sem morðingjanum var líkt við sjálfa pestina. Lesandi ætti því mögulega að leita gerandans innan læknastéttarinnar og raunar vekur doktor Andersen strax grunsemdir. Hann samræmist í aðalatriðum því sem vitað er um morðingjann, er fimur skurðlæknir, sérvitur og yfirmaður konunglega spítalans en þar með er hann einn af betri borgurum þjóðfélagsins. Þá reynist hann líka hrokafullur í garð Íslendinga þegar á hólminn er komið, finnst þeir óþolinmóðir, barnalegir

⁵² Sjá Helgi Þorláksson, „Ísland sem hjálenda“, *Saga. Tímarit Sögufélags* 1/2021, bls. 217–232.

og svolítið merkilegir með sig. Að sama skapi hefur hann ríkan metnað fyrir að lækna samfélagið af öllum þeim meinum sem plagar það. Í sögunni vinnur hann þannig að lækningu við sýfilis og er jafnframt tilbúinn að ganga mjög langt í tilraunum sínum. Andersen minnir því einum þræði á doktor Fást, úr frægu verki Goethe, sem gerir einmitt samning við djöfulinn til þess að auka þekkingu sína. Frásögnin í *Köperniku* beinir grun lesanda markvisst að þessum dularfulla og sérkennilega manni og eins verður hinn stóri og björnslegi Wilburn kollegi hans á spítalanum tortryggilegur framan af. Það bætir heldur ekki að sá hefur yndi af töfrabrogðum en þannig skapast óþægileg hugrenningatengsl við John Wayne Gacy, eins af þekktari raðmorðingjum bandarískrar sögu, sem myrti karlmenn og klæddi sig venjulega í trúðabúning þegar hann framdi voðaverkin.

En líkt og vanir glæpasagnalesendur vita er frásagnarlegur fókus af þessu tagi iðulega vísbending um afvegaleiðingu af hálfu höfundar og reynist svo einnig vera í tilviki *Köperniku*. Eins og fyrr segir kemur nokkuð á óvart hver morðinginn er því um tvíeyki er að ræða þar sem ung en heilsuveil kona stýrir för. Þá eru gerendurnir íslenskir að uppruna og sum fórnarlömbin dönsk og þar með enginn útendingahatari á götunum. Það er þó ýmislegt klisjukennt í persónusköpuninni sem byggist meðal annars á mýtum um raðmorðingja. Þannig æfa gerendurnir sig til dæmis á dýrum áður en þeir færa sig yfir í að drepa mannfólk. Trámatískir atburðir í bernsku valda sömuleiðis gjörðum þeirra því drápin eru hefnd fyrir þá kúgun og misrétti sem morðingjarnir hafa mátt þola í gegnum tíðina eins og rätt verður um í næsta kafla. Ef til vill er þetta þó allt með ráðum gert þar sem að frásögnin er í senn úrvinnsla á einu þekktasta morðmáli sögunnar og lítið farið í felur með það.

Eins og komið hefur fram eru raðmorðingjar í bókmenntum iðulega byggðir á raunverulegum hrottum. Um leið á sér þó alltaf stað einhvers konar bókmenntaleg stílfærsla líkt og bókmenntafræðingurinn Philip L. Simpson hefur bent á.⁵³ Sökudólgarnir í *Köperniku* eru aftur á móti byggðir á ráðgátu, það er Kobba kviðristu sem enn þann dag í dag er spurt hver var. Það er vandi að finna sögulegan raðmorðingja sem er eins goðsagnakenndur og opinn fyrir túlkun en jafnvel þótt raunverulegur einstaklingur hafi eitt sinn verið að verki hafa sögurnar um gerandann öðlast eigið líf og morðinginn breyst í goðmagn eða eins konar skáldsagnapersónu. Eftirfarandi er klausa úr skáldsögu Sölva Björns en hliðstæð atburðarás átti sér stað í raunveruleikanum í Lundúnum 1888:

Var það einkum sú andstyggilega fýsn hans að nema líffæri fórnarlamba sinna á brott sem vakti borgarbúum hvað mestan óhug. Hvort

⁵³ Philip L. Simpson, *Psycho Paths. Tracking the Serial Killer Through Contemporary American Film and Fiction*, bls. 20.

sagnirnar um þetta hafi tekið á sig því ægilegri mynd eftir því sem þær gengu oftar á milli fólks skal ósagt látið. Í raun var almennum borgurum Kaupmannahafnar að mestu hlíft við opinberum lýsingum af þessum manndrápum á meðan þau voru framin, sögurnar sköpuðu sig sjálfar og urðu að munnmælum ekki síður en staðreyndum sem bar að taka trúanlegar. Illræði áttu sér stað en í hverju þau fólust gátu frá-sagnirnar greint frá með ólíkum hætti (17).

„Kobbi“ í Kaupmannahöfn

Höfundur *Köperniku* slær tvær flugur í einu höggi með því að færa lesendur aftur til 19. aldar. Þannig gerir hann Kaupmannahöfn að höfuðborg Íslendinga og leysir á skilvirkan hátt þær hindranir sem geta fylgt því að skrifa um raðmörðingja í íslensku samhengi. Um leið myndast kjörið tækifæri til að spinna vef upp úr einu þekktasta morðmáli sögunnar. Það er að sjálfsgöðu engin tilviljun að skáldsagan gerist haustið 1888 sama ár og Jack the Ripper eða Kobbi kvíðrista gekk um götur Lundúna í þoku og myrkri, hálfgerðu kófi, og myrti í það minnsta fimm einstaklinga. Morðin sem Kobbi framdi á sínum tíma áttu sér stað í austurhluta borgarinnar, nánar tiltekið í Whitechapel hverfinu. Þar voru aðstæður mjög slæmar á 19. öld, fátæktin mikil, glæpir daglegt brauð, sjúkdómar geisuðu og íbúar að stórum hluta innflytjendur sem voru hornreka í þjóðfélaginu. Þetta var því kjörinn vettvangur fyrir raðmörðingja að athafna sig og voru það allt kynlífsverkakonur sem störfuðu á götunum og glímdu við áfengisfíkn sem urðu fyrir barðinu á Kobba. Rétt eins og morðingjarnir í *Köperniku* risti hann fórnarlömb sín á kvíð og hnuplaði úr þeim ýmsum líffærum. Yfirvöldum bárust mörg bréf í nafni morðingjans, flest platbréf en sum ef til vill frá honum sjálfum. Þar á meðal var pakki sem innihélt hálf nýra úr manneskju og „kveðju frá helvíti“. Í öðru bréfi sem stílað var á yfirmann fréttamiðstöðvarinnar í borginni og „morðinginn“ gantast að lögreglu fylgdi síðan „einlæg kveðja frá Kobba kvíðristu“. Þótt alls óvíst sé hvort raunverulegur gerandi hafi ritað bréfið hefur viðurnefnið engu síður haldist og verið notað um morðingjann allar götur síðan.⁵⁴

Morðin í Bretlandi hættu skyndilega og er ýmist talið að gerandinn hafi verið handtekinn fyrir einhvern annan glæp, hann dáið eða farið úr landi og fundið sér ný mið. Á sínum tíma héldu bresk yfirvöld og fjölmiðlar því reyndar statt og stöðugt fram að morðinginn væri útlendingur, mögulega Bandaríkja- maður. Það var þó aðallega af hugmyndafræðilegum ástæðum þar sem ekki gat

⁵⁴ „Yours truly Jack the Ripper“, *Casebook. Jack the Ripper*, ritstjóri Stephen P. Ryder, sótt 5. maí 2023 af https://www.casebook.org/ripper_letters/.

staðist að siðmenntaður Breti fremdi svo villimannslega glæpi.⁵⁵ Fyrrum alríkis-lögreglufulltrúinn John Douglas tekur að vísu undir það sjónarmið að morðinginn hafi verið utanaðkomandi en kemst hins vegar að þeirra niðurstöðu með lærðari aðferðum. Í bók sinni *Mindhunter. Inside the FBI's Elite Serial Crime Unit* dregur hann þá ályktun út frá upprunalegum gögnum, listum yfir grunaða og þeirri aðferðafræði sem alríkislögreglan þróaði við að greina mál af þessu tagi að Kobbí hafi verið pólskur innflytjandi að nafni Aaron Kosminski. Sá var þekktur einfari, þótti félagslega vanhæfur og að auki „kynferðislega truflaður“.⁵⁶ Þetta er þó vitaskuld bara getgáta hjá Douglas og raunar ómögulegt að komast að niðurstöðu í málinu. Eins verður aldrei hægt að vita hvers vegna morðin hættu en að öllum líkindum hafa ytri þættir haft áhrif á gerandann því eins og Robert Ressler segir um sálfræði raðmorðingja þá hætta þeir yfirleitt ekki að drepa af sjálfsdáðum, eitthvað þarf til þess að stöðva þá.⁵⁷

Getgáturarnar um hver var að verki haustið skelfilega (e. *Autumn of Terror*) eins og tímabilið er gjarnan kallað í breskri sögu skípta tugum og svo margar bækur hafa verið skrifaðar um málið að nánast er hægt að tala um sérstaka bókmennta-tegund eða „vísindagrein“ (e. *Rippology*). Eins birtist Kobbí ítrekað í skáldskap sem persóna og er þá gjarnan stuðst við kenningarnar um hann. Ein af frægari tilgátunum um auðkenni Kobbba er sú að prinsinn Albert Viktor, sonarsonur Viktoríu drottningar sem þá var við völd, hafi myrt konurnar vegna geðveilu af völdum sýfilis.⁵⁸ Var þessi kenning afsönnuð nánast um leið og hún var sett fram en hugmyndin hefur engu að síður loðað við málið. Albert var reyndar þekktur glaumgosi, sagður stunda hóruhúsin í borginni og var sakaður um „kynvillu“ eða samkynhneigð sem var ólögleg í Bretlandi langt fram á tuttugustu öld. Síðar setti breski blaðamaðurinn og rithöfundurinn Stephen Knight saman nýja kenningu upp úr þessum hugmyndum og gaf út árið 1976 í bókinni *Jack the Ripper. The Final Solution*. Knight heldur því fram að raunverulegur morðingi hafi verið Sir William Withey Gull, læknir konungsfjölskyldunnar, sem hafi verið ráðinn af hirðinni til þess að myrða konurnar fimm því þær vissu um lausaleik Alberts prins. Átti hann að hafa eignast dóttur með almúgakonu og vitneskja kvennanna

⁵⁵ David Schmid, *Natural Born Celebrities. Serial Killers in American Culture*, bls. 25.

⁵⁶ John Douglas og Mark Olshaker, *Mindhunter. Inside the FBI's Elite Serial Crime Unit*, London: Penguin Random House, 2017, upprunaleg útgáfa 1995, bls 398–399.

⁵⁷ Robert Ressler og Tom Shachtman, *Whoever Fights Monsters*, bls. 32–33.

⁵⁸ Þessar hugmyndir setti læknirinn Thomas E. A. Stowell fyrstur fram árið 1970. Enda þótt hann hafi ekki getið Alberts prins með beinum hætti í skrifum sínum þá þóttust menn samt sjá það í hendi sér. Síðar baðst Stowell afsökunar á skrifum sínum. Sjá Thomas E. A. Stowell, „Jack the Ripper – A Solution?“, *The Criminologist* 18/1970, bls. 40–51.

um það stofnað þjóðaröryggi í hættu.⁵⁹ Þykja þessar hugmyndir álfka ótrúlegar og þær að Albert prins hafi sjálfur verið að verki. Útskýringar Knight hafa þó engu að síður einnig haft mikil áhrif á ímynd morðingjans og ýmis skáldverk spunnist út frá þeim. Mætti til dæmis nefna skáldsögu bandaríska höfundarins Paul West, *The Women of Whitechapel and Jack the Ripper* frá árinu 1991, og myndasöguna frægu *From Hell* (1989) eftir bresku höfundana Alan Moore og Eddie Campbell.⁶⁰ Þar sem morðinginn skar fórnarlömb sín á háls, risti upp og fláði, er virtist af kunnáttu, fóru raunar strax sögur á kreik um að viðkomandi væri annað hvort brjáláður læknir eða slátrari og gerðu slúðurlöðin sér mikinn mat úr þessu. Mögulegur gerandi og höfundur fyrrnefnds bréfs með kveðjunni frægu hlær þó að öllum slíkum hugmyndum. Þar segir hann tilgang sinn einungis vera þann að „fanga hórur og rista þær upp“.⁶¹

Breska fræðikonan og rithöfundurinn Clare Smith hefur rannsakað birtingarmyndir Kobba kvíðristu í menningarsögunni, einkum framsetningu hans í kvikmyndum. Í bók sinni *Jack the Ripper in Film and Culture. Top Hat, Gladstone Bag and Fog* (2016) kortleggur hún tákfræði morðingjans í myndum en hann birtist alla jafnan í þokunni með hatt, skikkju og læknaösku í hendi eins og titill ritsins vísar í. Smith skoðar meðal annars lista yfir grunaða í málinu og bendir á hvernig ákveðinn hópur manna sem bendlaður var við morðin, hinir valdameiri bæði aristókratar og læknar, birtast reglulega sem morðinginn í sögum meðan lágt settir einstaklingar á borð við fyrrnefndan Aaron Kosminski koma hins vegar mun sjaldnar fyrir. Tengist þetta rótgróinni ímynd Kobba sem hefðarmanns sem bréfin frá „honum“ sköpuðu og eins æsifréttamennskan í kringum málið þar sem fjallað var um hvert morð eins og um væri að ræða þátt í melódramatískri framhaldssögu. Um leið höfðu þrjár atburðir í Bretlandi áhrif á umræðuna og skilning almennings á málinu, segir Smith.

Voru það í fyrsta lagi mótmæli gegn aðgerðum stjórnvalda í útbreiðslu kynsjúkdóma meðal kynlífsverkakvenna en bæði lekandi og sýfilis voru stórt vanda-

⁵⁹ Stephen Knight, *Jack the Ripper. The Final Solution*, London: Harrap & Co, 1976.

⁶⁰ Paul West, *The Women of Whitechapel and Jack the Ripper*, New York: Random House, 1991; Alan Moore og Eddie Campbell, *From hell*, Marietta, Georgia BNA: Top Shelf Productions, 2004. Myndasagan kom upphaflega út sem framhaldssaga á tímabilinu 1989–1998 og vísar formgerðin í það hvernig fjallað var um málið á sínum tíma í fjölmiðlum þar sem nálgast var morðin líkt og um framhaldssögu í tímariti væri að ræða. Eins eru miklar hliðstæður milli raðmorða og framhaldssagna eins og Robert Ressler ræðir og fjallað er um í greininni. Árið 2001 var síðan gerð kvikmynd eftir myndasögunni þar sem enski leikarinn Ian Holm fer með hlutverk læknisins morðóða; Albert Hughes og Allen Hughes (leikstjórar), *From hell*, Underworld Pictures, 2001.

⁶¹ „I am down on whores and I shant quit ripping them...“, *Casebook. Jack the Ripper*, sótt 5. maí 2023 af https://www.casebook.org/ripper_letters/.

mál í landinu á 19. öld eins og víðar. Mótmælin voru í sjálfu sér eins konar kvenréttindabarátta þar sem sýnt var fram á hvernig meðferð stjórnvalda á þessum konum væri raunar ekkert annað en nauðgun. Þeim var skipað að skrá sig og haft strangt eftirlit með þeim. Þá voru þær jafnvel gripnar á götunum af handahófi, látnar gangast undir óþægileg og niðurlægjandi próf og síðan lokaðar inni vikum saman ef þær greindust með kynsjúkdóm. Konum var því beinlínis refsað fyrir þjónustu sem á þessum tíma þótti sjálfsagt að karlmenn nýttu sér og var raunar talin þeim mikil heilsubót. Samkvæmt Smith var greinaröðin „The Maiden Tribute of Modern Babylon“ (1885) eftir lækninn W. T. Stead í öðru lagi mikilvæg fyrir skilning fólks á morðmálinu. Í henni var fjallað um vændi meðal barna og spillingu betri borgara og lækna í þeim efnum. Aristókratar voru sakadír um að kaupa meydóm stúlkna af bágstöddum foreldrum og var læknastéttin álitin meðsek þar sem læknar voru sagðir ráðnir af kaupendum til þess að staðfesta „hreinleika“ barnanna eða „gæði vörunnar“. Kallaði Stead jafnframt eftir því að sjálfræðisaldurinn yrði hækkaður úr 13 árum í 16 ár og þar með gert ólöglegt að stunda kynlíf með einstaklingum sem voru yngri. Að síðustu höfðu hin blóðugu átök sem urðu milli lögreglu og verkalýðsins þann 13. nóvember 1887 og kennd eru við sunnudaginn blóðuga (e. *Bloody Sunday*) í sögubókum áhrif á umræðuna.⁶²

Að mati Smith mótuðu þessir þrír atburðir viðhorf fólks á vændiskonum, yfirstéttinni, læknum og verkalýðnum sem kristallast í sögum um Kobba kviðristu. Eins og fyrr segir er morðinginn iðulega framsettur sem hefðarmaður eða læknir með tösku í hönd, hatt á höfði, í skikkju, ráfandi um í þoku eins og vofa sem nærast á þeim sem minna mega sín. Í bók sinni *The Age of Sex Crime* (1988) túlkar bandaríski félags- og kynjafræðingurinn Jane Caputi Kobba sömu leiðis sem eins konar goðmagn feðraveldisins og sjálf kviðristumorðin sem eina öfgafyllstu birtingarmynd þess valds og kúgunar sem karlmenn hafa almennt yfir konum í samfélaginu og menningunni. Að auki segir Caputi að Kobbi sé erkitýpa nútímaraðmorðingjans, sá sem „uppgötvaði“ glæpin og saga hans og dulmagn verið einn helsti innblástur þeirra morðingja sem á eftir honum hafa komið í nútímanum. Glæpir hans mörkuðu þannig upphaf nýrrar aldar sem titill rits Caputi vísar í og einkennst hefur af síauknu kynferðislegu ofbeldi og morðum á konum samhliða auknu kvenfrelsi.⁶³

⁶² Clare Smith, *Jack the Ripper in Film and Culture. Top Hat, Gladstone Bag and Fog*, London: Palgrave Macmillan, 2016 kyndils útgáfa, loc: 456–556.

⁶³ Jane Caputi, *The Age of Sex Crime*, bls. 4. Það ber þó að nefna að verk Caputi er barn síns tíma og skrifað í raðmorðingjafárinu svokallaða þegar ógnin var stórlega ýkt í fjölmiðlum vestanhafs og talið að raðmorðingjar bæru ábyrgð á um 20% allra morða í Bandaríkjunum. Líkt og hefur verið nefnt í greininni er í dag aftur á móti talið að hlutfallið sé nærri

Það sem hér hefur verið rætt um kviðristumorðin í Whitechapel birtist allt með einum eða öðrum hætti í *Kóperníku* og fundnar hliðstæður í dönsku/íslensku samhengi. Nú þegar hefur verið rætt um það hvernig höfundur skapar grunsemdir í garð læknastéttarinnar, einkum Andersens sem vinnur að lækningu við sýfilis sem líkja má við „pláguna“ á götunum, það er Íslendingana í borginni sem „hafa hátt“ og vilja sjálfstæði frá Dönnum. Líkt og kynlífsverkakonurnar í Whitechapel eru þeir undirsátar í samfélaginu og arðrændir í bókstaflegri merkingu rétt eins og þær, ristir upp og líffæri úr þeim tekin. Hugmyndin um að morðinginn komi úr samfélagi betri borgara er strax komið á framfæri í sögunni og í því sambandi má til gamans geta að móðir Alberts Viktors prins, Alexandra drottning, var dönsk að uppruna. Illvirkinn reynist þó ekki vera neinn konungur, prins eða læknir líkt og komið hefur fram og eins hafa kenningarnar um Albert og Sir William Gull verið afsannaðar. Enn þann dag í dag er spurt hver Kobbí var og á svipaðan hátt dregur höfundur *Kóperníku* það verulega á langinn að veita lesanda svar við ráðgátunni um hver morðinginn er, raunar svo mjög að um stund kann jafnvel að hvarfla að honum að engin lausn sé til staðar. Hún kemur þó að lokum og reynist þegar upp er staðið vera alger viðsnúningur á hefðinni sem vel mætti túlka sem áminningu um það hve langt leiddar sögusagnirnar um Kobbá eru frá raunveruleikanum og eins allar frásagnir um sögulega raðmorðingja ef út í það er farið. Morðinginn í *Kóperníku* er kvenlægur refsivöndur, eins konar femínískt goðmagn eða draugur, sem ásækir einkum karlmenn sem ýmist eru sekir um kynferðislega glæpi eða spillingu. Kobbí verður Kóperníka sem er það nafn sem Marie Louise, annar morðingjanna og höfuðpaur tvíeykisins, vill taka sér en hún elskar aðalsöguhetjuna Finn Kóperníkus og vill verða hans Kóperníka.

Á bókarkápu er skrifað „Skáldsaga um morð, ást og viðurstyggð“ og stendur verkið ágætlega undir þeim orðum. Ástin vísar í ást Kóperníku á Finni sem aldrei verður en umrædd viðurstyggð í veruleikann í Kaupmannahöfn sem er síður en svo huggulegur staður í verkinu og vettvangur raðmorða. Viðurstyggðin getur þó allt eins vísað í lífið á Íslandi líka því þótt þar gangi ekki raðmorðingi um holt og hæðir er mannvönskan vitaskuld til staðar og mýrmargir raðnaudgarar sem leynast í sveitum er fremja sálarmorð. „Glæpir eru í furðulega mörgum tilvikum miklu réttlætlanlegri en almennt er talið (109)“ segir Andersen við Finn á einum stað í sögunni og reynast morðin vera hefnd fyrir syndir feðranna. Í Vatnsdal á Íslandi eiga sér stað kynferðislegir glæpir og eru systkinin Marie Louise og Virgill, morðingjarnir í sögunni, afsprengi þeirra. Þrátt fyrir sín óíslensku nöfn eiga þau ættir að rekja til Íslands og að auki blóðskyld þeim Finni og Halldóri Júbélium.

1% og hafi ávallt verið þar um bil.

Þau eru börn hins blygðunarlausu Benedikts Júbélíum, óðalsbónda í Vatnsdal, föður Halldórs og frænda Finns. Benedikt var skæður ofbeldismaður og nauðgaði hverri vinnukonunni á fætur annarri á bænum og eignaðist með þeim ótal lausaleiksborn, hin svokölluðu „eldfjallabörn“. Mörg þeirra voru borin út en Marie og Virgill hljóta þau örlög að vera send á munaðarleysingjahæli í Kaupmannahöfn þar sem þau lenda loks í höndunum á Andersen lækni. Enda þótt Andersen reynist ekki vera morðinginn í sögunni er hann engu að síður eins konar raðsálar-morðingi líkt og Benedikt kunningi hans til margra ára. Hann ætteleiðir Virgil og fer illa með drenginn, lokar hann inni og geldir að auki til að tempra kynorku hans. Þar sem Marie hefur glímt við andleg og líkamleg veikindi frá unga aldri kynnist hún einnig Andersen snemma og misnotar hann aðstöðu sína sem læknir gagnvart henni. Eða eins og hún orðar það sjálf við Finn í sögulok:

Ég klæddi mig úr fötunum eins og ég var von nema í þetta skipti vildi hann að ég færi úr öllu. Ég hlýddi honum auðvitað, af því að hann var læknirinn minn. Hann sagði að í þetta skiptið þyrfti hann að nota meira en hendurnar til að skoða mig og byrjaði að sleikja mig alla. Ég skildi ekki af hverju hann þyrfti að skoða mig með tungunni en hann var læknirinn minn svo það hlaut að vera rétt. Allt í einu fann ég mikinn sársauka og hann huldi mig alla og það komu hljóð frá honum. Þá skildi ég að við vorum að hafa samfarir. Á meðan við vorum að hafa samfarir kom ljós inn í herbergið. Þá stóð Virgill í dyragættinni og horfði á. Andersen stóð upp og hrinti honum á gólfíð og öskraði á hann. *Þetta máttu aldrei sjá, strákhelvíti! Þetta máttu aldrei sjá!* [...] Það var vont í fyrstu skiptin en svo vandist ég því. Við höfðum alls konar samfarir því hann sagði að allar konur væru inn við beinið hórur og að það væri gott að læra hórubrögðin snemma (382–383).

Ekkert verður til í tómarúmi er gjarnan sagt. Af því andlega og kynferðislega ofbeldi sem þeir Andersen og Benedikt beita rís það ofbeldi sem Marie og Virgil nota í sínum „mótmælum“. Hvatir raðmorðingja í sögum eru iðulega hátimbraðar eða á einhvern hátt réttlætanager og á það svo sannarlega við um morðin í *Kóperniku* þótt vafasamt sé að taka svo til orða af augljósum ástæðum. Fórnarlömbin í sögunni eru ýmist gerendur eða meðsek í fjölmörgum kynferðislegum glæpum og barnamorðum eins og kemur í ljós og fyrir vikið hefur lesandi litla samúð með þeim. Samúðin liggur frekar hjá Marie og Virgli sem eru þolendur ofbeldis og taka málin í sínar hendur sem líka er göfugt á sinn sérstaka hátt. Á sama tíma kallast gjörðir þeirra á við umfjöllun skáldverksins um

nýlendusamband Danmerkur og Íslands, sjálfstæðisbaráttuna, sem gefur þeim aukna vigt. En rétt eins og íslensku menntamennirnir í sögunni sem kalla eftir lausn Þjóðarinnar undan oki Dana þá eru morðingjarnir einnig undirsátar sem „mótmæla“ þeim sem hafa haft vald yfir þeim í gegnum tíðina. Þá er kvenfrelsisbaráttan á 19. öld einnig fyrirferðarmikil í frásögninni og gefur raunar morðunum sína hugmyndafræðilegu stoð. Marie Louise er þannig meðlimur í Ragettunum, kvennahreyfingunni í skáldsögunni, og var þar að auki ættleidd af sjálfri Marie Luplau sem er söguleg persóna og var mikil kvenréttindabaráttukona í Danmörku. Marie Louise dýrkar Finn Kóperníkus og dregur hann með sér á fund hjá Ragettunum snemma í sögunni eða þegar hún á átján ára afmæli. Á fundinum er orðræðan býsna kröftug og ofbeldisfull. Kallað er eftir niðurrífi feðraveldisins þar sem meðal annars er farið fram á að karlmenn séu settir í búr og þeir einungis notaðir til undaneldis:

„allar Ragettur eru samþykkar því að þessir sjálfskipuðu synir valdsins verði gerðir brottrækir úr samfélagi okkar!“

„Já!“ hrópaði salurinn og Finnur sá ekki betur en Júlíus Skjaldormur tæki undir.

„Og hvert viljum við reka þá?“

„Í búrin! Í búrin!“

„Og hvað gerist í búrunum?“

„Þeir veslast og strokkast! Þeir veslast og strokkast!“

„Ég er farinn að skilja þetta,“ hvíslaði Finnur aftur að Marie Louise. „Þú dróst okkur hingað sem leikmuni til að ýta undir dramatikina“ (135).

Eins og hér sést er að sjálfsögðu stór munur á gjörðum tvíeykisins og kvennahreyfingarinnar þótt hugmyndafræðin að baki sé ef til vill svipuð. Kvennahreyfingin drepur ekki kúgara sína heldur notar einungis ofbeldisfullt tungutak og leikræn tilþrif til þess að kalla fram áhrif líkt og fram kemur í tilvitnuninni. Veikir einstaklingar eins og Marie sem í þokkabót hefur orðið fyrir miklum áföllum í æsku geta aftur á móti orðið fyrir djúpum áhrifum af slíku og tekið málflutninginn bókstaflega. Með því að stilla morðunum og Ragettunum upp með þessum hætti myndast því gagnrýni á þær femínísku herferðir sem kunna að vera of hatursfullar eða öfgakenndar í garð karlmanna. Um leið varpar sagan ljósi á „viðurstyggð“ feðraveldisins og sýnir lesanda hvað það getur leitt af sér, í þessu tilviki raðmorð, og gerir það raunar með tvöföldum hætti. En með því að nota Kobbba kvíðristu sem fyrirmynd og kalla fram ímynd hans og merkingu sem

karllægt goðmagn og síðan snúa upp á hinn hefðbundna söguskilning sýnir höfundur bæði hvernig feðraveldið getur alið af sér karlkyns raðmörðingja (Kobba) sem drepur konur af hatri og brengluðum karlmennskuhugmyndum en líka raðmörðingja sem er kona (Kóperníka) og drepur í hefndarskyni fyrir illa meðferð í sömu menningu.

Að þessu leyti minnir frásögnin nokkuð á bandarísku kvikmyndina *Monster* frá árinu 2003 í leikstjórn Patty Jenkins þar sem fjallað er um ævi og „störf“ bandaríska raðmörðingjans Aileen Carol Wuornos sem áður hefur verið minnst á.⁶⁴ Hún er einn þekktasti kvenraðmörðingi sögunnar og mýmargt verið skrifað um hana. Aileen starfaði sem kynlífsverkakona á götunum í Flórída og hóf morðferil sinn eftir að hafa verið nauðgað hrottalega af viðskiptavini sem hún sagðist hafa myrt í sjálfsvörn. Í kjölfarið hóf hún að drepa karlmenn hvað eftir annað og sagði hvata sinn vera hefnd fyrir þá meðferð sem hún hafði fengið frá körlum í gegnum tíðina og verandi kona í karllægu samfélagi. Titill kvikmyndarinnar „Monster“ eða ófreskja er misvísandi en hæglega væri hægt að túlka hann sem vísun í Aileen sjálfa sem Charlize Theron leikur í myndinni í miklu dulargervi. Í raun skírskotar titillinn þó í risavaxið Parísarhól í skemmtigarði í Flórída sem Aileen þorði aldrei í sökum lofthræðslu. Seinna í kvikmyndinni líkir hún þessu tæki við sjálft lífið sem hún uppgötvar að er hálfgerð ófreskja einkum fyrir konur, eins og hana, sem virðast ekki hafa nokkra möguleika aðra í lífinu en að „húkka“ og eyðast smátt og smátt upp á götunum. Sögusamúðin liggur nánast öll Aileen megin í kvikmyndinni og lögð er áhersla á það hvernig ytri þættir leiða hana út á þessa braut. Þetta er í sjálfu sér gott og gilt enda ljóst að raðmorð eiga sér menningar- og félagslegar rætur eins og fjallað hefur verið um og sem einnig er mikilvægt að ávarpa í sögum. Um leið er þó mjög vafasamt að skapa of mikla samúð með raðmörðingjum í frásögnum, hvort sem um konu eða karl er að ræða, og er þetta siðferðilegt vandamál sem hver höfundur þarf að takast á við sem og lesendur.

Í *Kóperníku* er morðunum fundin réttlætning og samúð einnig sköpuð með þeim Marie Louise og Virgli. Þetta er þó ekki eins sterkt og í *Monster* og kemur það meðal annars til vegna mismunandi formgerða verkanna. *Monster* er ekki glæpasaga í sjálfu sér og alfarið sögð frá sjónarhóli Aileen með þeim afleiðingum að mikil samsömun á sér stað með persónunni. Sögumaður *Kóperníku*, sem óljóst er hver er þótt gefið sé í skyn að hann sé hluti af persónugalleríinu, fylgir aftur á móti Finni allan tímann og auðkenni morðingjans ekki gefið upp fyrir en í sögulok. Marie fær þá orðið í stuttri senu og segir harmræna ævisögu sína og

⁶⁴ Patty Jenkins (leikstjóri), *Monster*, Los Angeles: Denver & Delilah Films og K/W Productions, 2003.

Virgils. Þau fá samúð lesanda enda vart annað hægt þar sem óréttlætið í þeirra garð er geigvænlegt svo ekki sé meira sagt. Sögunni lýkur aftur á móti stuttu seinna og í þokkabót fremur Marie Louise sjálfsmorð sem bindur enda á morðölduna í Kaupmannahöfn. Virgill hverfur hins vegar út í myrkrið og sést ekki meir en mögulega heldur hann á ný mið. Lesandi myndar þannig ekki sterk tengsl við persónurnar og örlög þeirra í lokin rista hann fremur grunnt. Það er því ekki hægt að segja að hansinn sé beinlínis tekinn upp fyrir morðingjunum eins og raunar er gert í *Monster*. Þó endar sagan á hátt sem vekur siðferðilega spurningu. Í pósthósi kemur fram að Finnur hefur hætt sem læknir á konunglega spítalanum eftir raunir sínar og stofnað sérstakt úrræði fyrir kynlífsverka-konur og götubörn sem hann nefnir Kóperníku og skírskotar í Marie Louise sem „fyrir utan að drepa þetta fólk hefur [...] bara langað í eitt í lífinu. Að vera Kóperníka, konan hans Finns Kóperníkusar (381).“ Spyrja má hvaða þýðingu það hafi að nefna stofnunina eftir raðmorðingjanum? Í þessum síðasta hluta bókarinnar kemur fram að glæpir Marie og Virgils hafa verið gerðir almenningi opinberir og þau orðin þekkt. Nafngiftin er því töluverð viðurkenning á gjörðum þeirra sem gæti allt eins virkað sem hvatning fyrir aðra kúgaða einstaklinga sem nóg er af í borginni. En kannski er í lagi að drepa vont fólk, „dónakarla“ og samverkamenn þeirra?

Niðurlag

Í raun eru raðmorðingjar bara „ósköp hversdagslegir meðaljónar“ líkt og afbrotafraeðingurinn Enzo Yaksic tekur til orða í riti sínu *Killer Data*.⁶⁵ Í bókmenntum og kvikmyndum er þó gjarnan öfugt farið en oft er um að ræða snillinga eða þjakaða listamenn þótt vissulega hafi átt sér stað þróun í raunsæislegri átt á síðustu árum. Verður það að teljast jákvætt því margt bendir til þess að afbrotamenn verði fyrir miklum áhrifum af þeim ímyndum sem dregnar er upp í bókmenntum og kvikmyndum. Þó má um leið spyrja hvers vegna sífellt sé verið að segja sögur af raðmorðingjum og veita þeim athygli. Fræðimenn hafa stungið upp á ýmsum svörum hvað það varðar en umfjöllun um þau væri efni í aðra grein. Skál látið duga að nefna að glæpurinn er sjaldgæfur, hegðunin afbrigðileg, hættuleg og ljóst að mannfólk hefur áhuga á slíku. Háttarni raðmorðingja og leynispil býður einnig upp á töluverða dramatík sem höfundar virðast eiga bággt með að láta kyrra liggja. Innlendir höfundar eru þar engin undantekning jafnvel þótt hingað til hafi aðstæður á Íslandi síður boðið upp á frásagnir af raðmorðingjum. Eins setti raunsæiskrafan í sagnagerðinni og viðleitni lesenda í garð

⁶⁵ Enzo Yaksic, *Killer Data. Modern Perspectives on Serial Murder*, bls. 1–3.

greinabókmennta á borð við glæpasöguna og hrollvekjuna raðmorðingjum lengi vel stólinn fyrir dyrnar. Höfundum mætir því viss hindrun þegar þeir ætla sér að skrifa um raðmorð í íslensku samfélagi og í skáldsögunni *Kóperniku* leysir Sölvi Björn hana með því að flytja lesendur aftur í tímann eða þegar Kaupmannhöfn var höfuðborg landsins. Þannig gefst höfundi einnig tækifæri að ræða núning Íslands og Danmerkur og reynist raðmorðinginn honum þægilegt tól í þeim efnum en í frásögninni er ýjað að því að illvirkinn sé þjóðernissinnaður Dani sem vill útrýma „Íslendingaplágunni“. Þetta er mikilvægur þráður í sögunni sem minnir lesendur á að þrátt fyrir sterka stöðu Íslendinga í samtímanum voru þeir eitt sinn undirsátar í heiminum, innflytjendur í eigin höfuðborg, og því alls ekkert ósvipaðir þeim útlendingum sem hingað koma og vilja verða hluti af íslensku samfélagi en mæta gjarnan einhvers konar andstöðu. Morðinginn, sem í flesta staði minnir á hinn goðsagnakennda Kobba kviðristu, reynist þó ekki vera nein dönsk þjóðremba heldur ung kona og bróðir hennar. Hafa þau orðið fyrir misnotkun í æsku og eru í eins konar hefndargír gegn kúgurum sínum. Í verki sínu svifur Sölvi Björn mitt á milli rótgróinna hugmynda eða mýta um raðmorðingja og ferskari vinda í fræðunum. Með því að kalla fram ímynd og goðmagn Kobba kviðristu í sögunni og snúa síðan rækilega upp á hefðbundinn söguskilning, gera Kobba að Kóperniku, felst líka sú sögn eða athugasemd sem afbrota- og menningarfræðingar tónglast í sífellu á varðandi sögur um raðmorðingja, þá staðreynd að þær eru yfirleitt órafjarri raunveruleikanum. Þó innihalda þær allar þann sannleika að í manningum býr mikil grimmd.

ÚTDRÁTTUR

Þessi grein fjallar um raðmorðingja, einkum það hvernig gerendurnir birtast í sögum. Þá er glæpasagan *Kópernika* (2021) eftir Sólva Björn Sigurðsson athuguð sérstaklega. Raðmorðingjafraeði eru kynnt og afbrotahegðunin skoðuð út frá íslensku samfélagi og bókmenntum þar sem meðal annars er stuðst við skrif bandaríska félagsfræðingsins Kevin D. Haggerty. Enda þótt raðmorðinginn sé býsna áberandi sem persóna í ýmsum afurðum dægurmenningarinnar á Vesturlöndum er athæfið í raun mjög sjaldgæft. Engin dæmi eru um morð af þessu tagi á Íslandi síðan nútíminn hófst og getur það meðal annars stafað af smæð þjóðarinnar sem og félags- og menningarlegri samsetningu hennar. Íslenskir raðmorðingjar fyrirfinnast þó í innlendum bókmenntum og kvikmyndum en til þess að mæta raunsæiskröfu sagnagerðarinnar er vandkvæðum bundið að aðlaga þá að íslenskum veruleika. Sölvi Björn leysir þetta með því að flytja lesendur aftur til þess tíma þegar Kaupmannahöfn var höfuðstaður landsins, borg í örur vexti með tilheyrandi

þensluverkjum, sjúkdómum og fátækt, og um leið tilvalinn vettvangur fyrir raðmorð. Í skáldsögunni á sér einnig stað úrvinnsla á einu þekktasta raðmorðmáli sögunnar, kviðristumorðunum í Lundúnum árið 1888, og er líka fjallað um þau í greininni og hvernig höfundur vinnur úr málinu í frásögn sinni.

Lykilorð: afbrot, bókmenntaborgin, feðraveldi, glæpasögur, hrollvekjur, íslenskar bókmenntir, Kaupmannahöfn, Kobbí kviðrista, *Kóþerníka*, kvenfrelsi, raðmorð, raðmorðingi, sjálfstæðisbarátta Íslands

ABSTRACT

The Copenhagen Ripper – Serial murder, Icelandic society and Sölvi Björn Sigurðsson’s *Kóþerníka* (2021)

In this article, serial killers in literature and film are taken into consideration, and the Icelandic crime novel *Kóþerníka* (2021) by Sölvi Björn Sigurðsson is discussed. The criminal act of serial killing is introduced and reflected on in relation to Icelandic society and culture, with help from the writings of American sociologist Kevin D. Haggerty. Although the serial killer is quite prominent in various products of Western popular culture the act of serial murder is very rare in reality. There have been no examples of serial murder in Iceland since modernity, and that is due, among other things, to the small size of the nation as well as its social and cultural composition. Icelandic serial killers are nevertheless found in domestic literature, films, and TV episodes. However, it can be difficult to transfer the figure to Icelandic society to meet the demands of realism. In his novel, Sölvi Björn solves the problem by transporting readers back to 19th century–Copenhagen when the Danish capital was itself the capital of Iceland and a place of rapid growth with the accompanying pains of expansion, diseases, and poverty – an ideal scene for serial killing. Sölvi Björn’s novel is also an adaptation of one of the most well-known serial murder cases in history, the Ripper murders in London in 1888, and in the article, this is also discussed.

Keywords: Copenhagen, crime, horror, battle of independence, Icelandic literature, Jack the Ripper, *Kóþerníka*, patriarchy, serial killer, serial murder, the city in literature, women’s freedom

MARTEINN KNARAN ÓMARSSON

Meistaranevi í almennri bókmenntafræði
mko7@hi.is